

Brímfaxi



togararallið og grásleppan

Hafró svarar gagnrúni

bls: 44



Kanada

átök um fiskveiðistjórnun

bls: 26



gæði strandveiðiafla

viðtöl og samantekt

bls: 12

Tímarit Landssambands smábátæigenda 2. tbl. 2014



Jens Christian Holst

Maðurinn er með
fisk á heilanum

„hugmyndafræðileg
bylting í nýtingu
fiskistofna er
óhjákvæmileg“

Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki



Atlantsolía

Með 19 sjálfsafgreiðslu-
stöðvum, birgðastöð og
fjórum olíubílum er hægt að
 tryggja aukna samkeppni á
eldsneytismarkaði á Íslandi.



Brim

Þrív afkastamiklir frystitogarar
og öflugt starfslið tryggja
Íslendingum hærri útflutnings-
tekjur af gæðahráefni.



Isavia

Það þarf mikil umsvif til
að tryggja öryggi á öllum
flugvöllum landsins og sjá
um nærri 5,5 milljóna km²
flugstjórnarsvæði.



Landsbankinn

Stærsta fjármálafyrirtæki á
Íslandi með víðtækasta útibúa-
netið tryggir trausta og alhliða
fjármálaþjónustu um allt land.



Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki



Landsvirkjun

Stærsta fyrirtæki landsins í
orkuvinnslu vinnur 73% allrar
raforku innanlands til að tryggja
fólki og fyrirtækjum rafmagn.



Marel

Eitt af stærstu útflutnings-
fyrirtækjum Íslands tryggir
markaðnum hugvitsamlegar
lausnir til vinnslu matvæla.



RÚV

Til að tryggja landsmönnum
fréttir, skemmtun og fróðleik
þarf fjölda starfsmanna,
tækniúnað og húsnæði.



Össur

Rannsóknir og nýsköpun
styrkja stöðir atvinnulífsins með
framleiðslu sem tryggir að fólk
geti staðið á eigin fótum.

Traustsins verðir

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum.
Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af
öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Leiðari - Halldór Ármannsson formaður LS | 4 |
| Frá ritstjóra | 6 |
| Fæða kóngafólks og þeirra fáránlega ríku | 8 |
| Strandveiðar hafa bjargað dýrustu ferskflakamörkuðum Íslendinga | 12 |
| Kanada - átök um fiskveiðistjórnun | 26 |
| Hugmyndafræðileg bylting í nýtingu fiskistofna er óhjákvæmileg | 30 |
| Lög um veiðigjöld standast ekki | 40 |
| Varpar togararallið ljósi á stofnstærð grásleppu? Hafró svarar gagnrúni | 44 |
| Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda | 52 |
| Barátta LS fyrir auknum veiðiheimildum í úsu | 58 |
| Vægðarvæl | 60 |
| Ólíkt hafast þeir að vísindamennirnir | 64 |

Útgefandi: Landssamband smábátæigenda. **Formaður:** Halldór Ármannsson. **Framkvæmdastjóri:** Örn Pálsson. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Halldór Ármannsson, Arthur Bogason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Vocal ehf. Sími 866-3855 Netfang brim@talnet.is **Forsíðumyndina** tók Fanny Cathrine Holst af föður sínum Jens Christian Holst. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1400 eintök.

Leiðari



Núna þegar svartasta skammdegið gengur yfir og dagsljósið af skornum skammti hefur sjávarútvegsráðherra kynnt frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða. Fram hefur komið að það sé byggt á samningaleiðinni svokölluðu sem sáttanefnd komst að niðurstöðu um í tíð Norrænu velferðarstjórnarinnar. Hvort það sé fyrirboði þess að frumvarpið boði ekki gott eða að bjartari tímar séu framundan á aðeins eftir að koma í ljós. Það er aðeins eitt sem á eftir að skera úr um það og það er „fram tíðin“.

Hvernig til tekst við afgangi frumvarpsins á Alþingi á eftir að koma í ljós. Allar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða virðast snerta viðkvæmustu taugar allflestara Íslendinga hvort sem þeir koma nálægt fiski eða ekki. Oft hafa stór orð verið notuð þegar þessi mál ber á góma. Það er ekkert skrítið því auðvitað snerta þessi mál „fram tíðina“ og eru margir sem telja að þeirra sýn sé sú eina rétta. Vona ég að menn nái sátt um að heildarhagsmunir verði það sem ráði ferðinni hvort sem það snýr að arðsemi eða samfélagslegum þáttum og veiðar verði stundaðar með sem fjölbreyttustum hætti.

Þetta stóra orð „fram tíðin“ er eitt af því sem passar hvergi inn í reikniformúlu Hafranssóknastofnunar. Allir útreikningar þar miðast við hátt í þrjátíu ára gamalt uppsett model. Samkvæmt því hefur fiskurinn ekki sporð og er alltaf á sama stað ári seinna og ætíð alltaf til staðar þó sjórinn hafi hlýnað kringum

landið á undanförunum árum. Að auki hafa aðrar fisktegundir sótt í auknum mæli inn í lögsöguna.

Makríll er ein þeirra tegunda sem hefur sótt stíft inn í lögsöguna í æti sem virðist vera honum að skapi. Enda kraumaði sjórinn af honum nánast hringinn í kringum landið fram í október. Þarna er stofn sem okkur ber að nýta betur í „fram tíðinni“ sérstaklega við strendur landsins. Þessi fiskur er ekki í neinni kurteisisheimsókn og hefur stór áhrif á minnkandi sílastofn, átu og fiskseiði.

Um þessar mundir eru útgefna veiðiheimildir á fiskveiðiárinu í úsu aðeins um 14% af veiðiheimildum þorsks. Veiðar smábáta sem eru stundaðar mest á grunnslóðinni á þessum árstíma eru næstum því útilokaðar vegna mikils magns af úsu sem á varla að vera til samkvæmt mælingum Hafró. Hafa þeir sem veiða á grunnslóðinni því þurft að leigja til sín aflaheimildir í úsu til þess eins að geta veitt þorsk sem ekki er í sama magni á þessum slóðum.

Engar breytingar eru um strandveiðar í téðu frumvarpi eins og kom fram hjá ráðherra á 30. aðalfundi LS. Ætla má að verði gerðar breytingar, muni það verða boðað með þingsályktun næsta vor fyrir fiskveiðiárið 2015/2016. Mun LS gera kröfu um að staðið verði vörð um strandveiðar til þess að styrkja innviði þeirra dreifðu byggða sem þrjúða strendur landsins. Þá gerir LS líka kröfu um að sjómenn þeir sem strandveiðarnar stunda standi undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin og skili besta hráefni sem hægt er að koma með að landi.

Ég vona að stjórnvöld horfi til „fram tíðar“ við ákvörðun um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og skynsemi verði höfð að leiðarljósi fremur en eiginhagsmunapot. Ég óska smábátæigendum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og alls hins besta í fram tíðinni. Vonandi geta allir notið þess friðar sem jólahátíðin ber með sér.

Halldór Ármannsson

formaður Landssambands smábátæigenda

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Aðildarfélag Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra

Smábátafélagið Strandir

Félag smábátæigenda á Austurlandi

Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi

Strandveiðifélagið Krókur

Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi

Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra

Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum

Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi

Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ

Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi

Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum

Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi



Frá ritstjóra

Ég vil þakka þær frábæru móttökur sem síðasti Brimfaxi fékk. Vonandi verður þetta eintak ykkur einnig til ánægju og ekki væri verra ef eitthvað af efninu yrði kveikjan að frekari umræðum um þau mikilvægu mál sem tekin eru fyrir.

Aðalviðtalið er við norskan vísindamann, Jens Christian Holst sem sett hefur fram kenningar sem enn sem komið er eiga ekki upp á pallborðið varðandi nýtingu fiskstofna eða fiskveiðistjórnun. Það er þó skoðun æ fleiri að sú aðferðafræði sem hann boðar verði óhjákvæmilega tekin upp í framtíðinni. Margt af því sem hann segir hljómar ekki ókunnuglega. Hvað sem því líður afsannar Jens Christian þá mýtu að Norðmenn séu húmorslausir. Honum þótti ekkert tiltökumál að láta taka mynd af sér með makríl á höfðinu. Hann sagði fátt geta lýst sér betur, hann væri bókstaflega með fisk á heilanum.

Í blaðinu er að finna svargrein frá Hafrannsóknastofnun við skrifum í síðasta Brimfaxes. Ég fagna því að samskipti séu með þessum hætti. Þau eru vísir til bættra samskipta, þótt menn geti vissulega greint á. Vonandi verður á þessu framhald þegar aðrar tegundir en grásleppa vera teknar til umfjöllunar.

Því miður virðist þó sá vilji ekki vera almennt ríkjandi. Engu er líkara en að hafið sé víðtækt og samstillt átak til að rústa smábátaútgerðinni í þeirri mynd sem hún er. Á skömmum tíma hafa verið gerðar breytingar á regluverki þvert ofan í vilja Landssambands smábátaeigenda og ræða sjávarútvegsráðherra á síðasta

aðalfundi félagsins bendir ekki til að hann hafi mikinn áhuga á samvinnu og samráði við LS. Velvild sína sýndi hann í verki þegar makrílveiðar smábáta voru stöðvaðar í haust. Þvílík dæmalaus vitleysa. Ég sagði frá þessu í erindi á ráðstefnu í Frakklandi fyrir stuttu. Það dundi í salnum af hlátri.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni fyrir stuttu trommuðu upp ræðumenn sem lögðu beinlínis til að strandveiðarnar, ásamt öðru smábátatengdu, yrði lagt af hið snarasta. Þá þótti öðrum sjálfsagt að sameina krókaafلامarsskerfið aflamarkinu. Þar að baki eru hinir sömu og færðu þau rök fyrir því að fá skilgreiningu laga á stærð krókaafلامarssbáta færða upp í 15 metra eða 30 tonn að það væri einungis til þess að betur færi um mannskap og fisk. Öll varnaðarorð LS hafa þegar komið fram.

Árið 1990 var framkvæmd sameining af þeim toga sem nú er hafið tal um. Sú gerð Alþingis er vafalaust mesta högg sem smábátaútgerðinni hefur verið greitt frá því vélbátaöldin hófst. Á ótrúlega stuttum tíma þurrkaðist sá hluti smábátaflotans út sem var settur í sama kerfi og stórfyrirtækin. Hátt í eitt þúsund smábátar! Er þetta dæmi gleymt og grafið? Eða er ætlunin að endurtaka leikinn?

Mitt í öllu þessu kemur fram í dagsljósið skýrsla sem vegna menntunar þeirra sem tóku saman tölur veiðieftirlitsmanna Fiskistofu fær virðingarheitið „vísindagrein“. Ályktunin sem höfundarnir drógu af samantektinni miðar í sömu átt: banna línuveiðar (til að byggja upp stofninn, hvað annað) á stórum svæðum sem aðallega eru nýtt af smábátaflotanum. Í kjölfarið var framkvæmd skyndilokun á línuveiðar í Húnaflóa sem braut öll lögmál heilbrigðrar skynsemi.

Þetta er ekki beint jólalegt umhverfi sem blasir við smábátaútgerðinni. Að óbreyttu stendur hún frammi fyrir áskorunum af stærðargráðu sem mun reyna á styrk félagsins og samheldni félagsmanna. Smábátaútgerðin stendur fyrir gildi og verðmæti sem önnur útgerðarform gera ekki – að þeim ólöstuðum. Hún sinnir þáttum í mannlegu og félagslegu samhengi sem fiskveiðipjóð ber skylda til að hlúa að og efla.

Ég óska félagsmönnum LS sem og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Arthur Bogason - ritstjóri

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna Landsbankans að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu og nýsköpun í sjávarútvegi og erum þar traustur bakhjarl og samstarfsaðili.





Stiklað á stóru um fiskhrogn, kaviár og fleira

Fæða kóngafólks og þeirra fátánlega ríku

Íslensk matarhefð er heldur fábrotin þegar kemur að neyslu fiskhrogna. Listinn þar yfir er því frekar stuttur og í grófum dráttum má segja að hrogn þorsksins, loðnunnar og grásleppunnar hafi ráðið þar ríkjum. Núverð bættust þó laxa- og silungahrogn þar við, en slík hrogn eru að verða með þeim eftirsóttari.

Fiskhrogn fjölmargra tegunda hafa í þúsundir ára verið hluti af matarmenningu mannkyns. Tilreiðslan á þeim er hin fjölbreyttasta. Þau eru soðin, steikt og þurrkuð, etin hrá eða marineruð, allt eftir því hvar er borið niður.

Það er vert að geta þess, áður en lengra er haldið, að fyrir því liggja vísindalegar niðurstöður að fiskhrogn eru sannkölluð „ofurfæða“. Nokkrar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna næringarlegt gildi þeirra og þær niðurstöður eru fróðlegar.

Í ársbyrjun 2010 gaf spænska vísinda- og tækni-ráðið út skýrslu með niðurstöðum rannsókna á því hversu rík fiskhrogn væru af Omega 3 fitusýrum. Niðurstaðan var sú að sjö fiskitegundir báru þar af, þ.á.m. grásleppan. Meðal hinna voru lax og makrill. Meira en 30% af þeim fitusýrum

sem fundust í hrognum þessara tegunda voru „dúrmætustu“ Omega 3 fitusýrurnar. Hrogn eru, samkvæmt niðurstöðunum, það besta sem hægt er að leggja sér til munns hvað varðar þessar lífsnauðsynlegu fitusýrur og því hiklaust hægt að tala um þau sem „ofurfæðu“.

Hefðin hérlendis til að varðveita þorskhrogn og frá því að atvinnuveiðar á grásleppu hófust fyrir 60-70 árum er að salta þau. Ekki var þar um brautryðjendastarf að ræða, því hefðin fyrir söltun fiskhrogna er talin upprunnin í Kína fyrir einhverjum þúsundum ára. Þar voru hrogn vatnakarpans unnin með þessum hætti og eru enn. Íslendingar voru hins vegar brautryðjendur í grásleppuveiðum í Norður-Atlantshafi, upphaflega með hjálp frá Þýskalandi.

Kveikjan að atvinnuveiðum á grásleppu til nýtingar hrognanna var styrjan, fiskurinn sem flakkað hefur um höf og vötn Norðurhvels jarðar í a.m.k. 250 milljónir ára. Miðað við hversu fornleg grásleppan er í útliti er alveg hægt að gera því skóna að hún hafi verið á slóðinni álíka lengi. Gárungar hafa bent á að væri grásleppan sett í „plankastrekkjara“ myndi hún líkjast styrjunni furðu mikið.

Hugmyndin að baki framleiðslu kaviárs úr grásleppuhrognum var að gefa fleirum en

forríkum tækifæri til þess að neyta þess góðgætis sem kaviar á að vera. Grásleppuhrognin áttu að verða „kaviar fátæka mannsins“, en þeir sem til þekkja vita vel að mikill munur er á þessum tegundum. Einn helsti sérfræðingur heims á sviði kaviars lét eitt sinn hafa eftir sér að það ætti að varða við lög að nefna hrogn þessara tveggja tegunda í sömu setningu.

En hver er sagan á bak við þá staðreynd að styrjuhrogn er ein mesta lúxusmatvara sem nokkru sinni hefur verið til? Hrogn hennar eru stundum kölluð ber eða perlur sem lýsir ágætlega að þau voru og eru litin allt öðrum augum en flestar, ef ekki allar aðrar matvörur.

Styrjan getur orðið feikilega stór og mörg dæmi um að einstaka fiskar hafi vegið nokkur hundruð kíló. Sagan segir að sú stærsta sem hefur veiðst hafi vegið tæplega 1,6 tonn. Elstu styrjunnar eru áætlaðar um 200 ára gamlar. Þar skilur verulega á milli hennar og grásleppunnar sem að uppistöðu er horfin innan áratugar frá því hún klekst út.

Styrjan finnst aðallega í Kaspíahafi, sem liggur að ströndum tveggja helstu kaviarframleiðslulanda heims, Rússlandi og Íran. Hún finnst einnig í Svartahafinu, á svæðum í Norð-vestur Kyrrahafi og Suður-Atlantshafi við strendur Norður-Ameríku. Að auki finnst hún í stórum vötnum og ám í Evrópu. Líkt og laxinn hrygnir styrjan í ferskvatni.

Á miðöldum áskildu bresku konungarnir sér allan styrjukaviar og gengu svo langt að slá styrjuna til „riddara“ sem hinn konunglega fisk. Eingöngu kóngafólkið skyldi njóta svörtu perlanna. Það voru hins vegar Persar (Íranir) sem fyrstir allra hófu að tilreiða, neyta og njóta styrjuhrogna. Enda er heitið kaviar dregið af persneska orðinu „khav-yar“ sem þýðir „kaka styrks“ eða „orkukaka“. Persar voru fljótir að tengja kaviarinn lækningarmætti, m.a. til að hressa upp á kynkvötina og til andlegrar upplyftingar.

Elstu heimildir sem til eru um neyslu styrjuhrogna eru frá 4. öld f.k. þar sem honum er lýst sem unaðsvöru í veislusölum keisara og konunga, innan um blóm og tónlist. Styrjuna

veiddu Persar aðallega í Kura ánni sem á upptök sín í Kákasusfjöllum. Þaðan rennur hún til austurs, heila 1500 km og fellur þar í Kaspíahafið, sem er samnefni stærsta ferskvatnssvæðis heims. Það er rétt að taka fram að í þessum skrifum er orðið kaviar notað all frjállega, en á markaði er eina varan sem hefur leyfi til að nota vöruheitið „caviar“ sú sem kemur úr styrju.

Rússneska keisaraveldið hóf styrjukaviarinn á þann lúxusstall sem hann hefur verið á síðan. Hin „gullnu hrogn“ Sterlet styrjunnar, sem nú er nánast útdauð, voru upphafin sem „ofur“kaviar, eftirsóttasta lostæti veraldar.

Með tímanum breiddist þessi „kóngafæða“ um öll lönd Evrópu og verðið hækkaði stjarnfræðilega. Til eru fornar heimildir um að krukka með 1 kg af kaviar hafi verið metin á eitt hundruð sauði svo það segir sig sjálfst hvaða fólk lagði sér hann til munns.

Dýrasti kaviarinn í dag er íranskur Beluga kaviar sem kallast Almas og er jafnframt dýrasta matvara heims. Þessi sérstaka styrja er hvítingi, mjög sjaldgæf og finnst eingöngu í Suður-Kaspíahafi. Gangverðið á kílóinu er nú 34.500 dollarar, eða um 4,3 milljónir króna. Umbúðirnar eru umhverfisvænar, laglegar dollur sem slegnar eru úr 22 karata gulli.

Eðlilega hefur engin fiskitegund nokkru sinni verið jafn eftirsótt af veiðþjófum. Ein dágóð styrja getur hæglega framfleitt fjölskyldu í langan tíma. Til eru þeir sem fullyrða að það magn sem veiðþjófar taka sé tífalt meira en það sem heiðvirðir fiskimenn landa og þar liggja aðal ástæða þess hve styrjustofnum heimsins hefur hrakað.

En kaviarinn hefur ekki alltaf eða alls staðar verið höndlaður af slíkri lotningu. Slík var gnóttin af styrjunni í ám á austurströnd Bandaríkjanna á 19. öldinni að þar voru styrjuhrognin á borðum bjórkraa og gegndu sama hlutverki og salthnetur og snakk gera nú til dags. Saltaður kaviar vakti þorsta sem hafði ljómandi góð áhrif á bjórsöluna.

Á gullæðisárunum á Vesturströnd Bandaríkjanna var uppi svipuð staða, en aðferðir gullgrafara og stflugerðir gengu mjög nærri styrjunni á þeim slóðum. Á hinn bóginn hafa fyrirtæki á þessum slóðum náð árangri í ræktun styrju til hrognatöku. Það er spennandi til að vita að nú er að hefjast styrjueldi hérlendis. Vonandi tekst þar vel til.

Upphafið á söltun grásleppuhrogná hérlendis til útflutnings tengist Þjóðverjanum H. Christensen, sem sá í honum nýtt viðskiptatækifæri. Eins og fyrr segir, hófust atvinnuveiðar á grásleppu snemma á fyrri hluta síðustu aldar.

Það var hinsvegar þýskur innflytjandi, Henry Schacht, sem hóf framleiðslu kaviárs í Bandaríkjunum og það talsvert fyrr, eða árið 1873. Framleiðslan byggðist á gríðarlegri veiði úr Delaware ánni, á svæði sem er um 200 km sunnan við New York.

Schacht stofnaði fyrsta fyrirtækið sem dreifði kaviár út um allan heim. Þannig flutti hann bandaríska styrjukaviár í stórum stíl til Evrópu – og trúir nú hver sem vill – á 1 dollara á pund. Í upphafi 20. aldarinnar framleiddu Bandaríkin 90% af öllum kaviár í heiminum – líka þeim sem var endur-innfluttur til Bandaríkjanna sem „rússneskur kaviár“. Árið 1900 var að auki áætlað að 90% af „rússneskum kaviár“ sem seldur var í Evrópu hafi verið upprunninn í Bandaríkjunum.

Eins og við mátti búast, veiddu menn án nokkurrar fyrirhyggju og síaukin mengun hjó stór skörð. Bandaríski kaviáriðnaðurinn tók mikla dúfu og er nú aðeins svipur hjá sjón. Hægt og rólega fóru hrogn annarra fisktegunda að skjóta upp kollinum, þ.á.m. grásleppunnar.

Hin hefðbundna vinnsluáferð styrjukaviárs hefur haldist óbreytt í þúsundir ára. Strangar reglur eru um hvernig hrognin skulu fjarlægð úr fiskinum, unnin og framreidd. Saltið sem notað er í dýrasta kaviárinum frá Rússlandi og Íran er mjög sérstakrar gerðar og finnst aðeins á Astrakhan steppunum í Rússlandi. Uppskriftin sem sett var saman í byrjun, þegar grásleppu-

hrognin fóru á markað er sú hin sama og notuð er í dag. Hafi það verið markmið í upphafi að búa til vöru sem að einhverju leyti minnti á styrjuhrogn, skutu menn langt framhjá markinu.

Árið 1993 var ráðist í verkefni hérlendis byggt á þeirri hugmynd að hægt væri að gera uppskrift af grásleppukaviár sem líktist styrjukaviár. Að verkefninu stóðu Landssamband smábátáeigenda og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Til sögunnar var kallaður fremsti kaviársérfræðingur heims á þeim tíma, Vulf Sternin (1927-2012).

Vulf, í samvinnu við íslenska vísindamenn, vann hörðum höndum að því að setja saman draumuppskriftina. En allt kom fyrir lítið. Liturinn varð mjög nálægt lagi, en bragðið – það virtist ekki nokkur leið að setja það saman. Þá er áferð þessara hrognategunda mjög ólík: styrjuhrogn beinlínis bráðna í munni eins og smjör, en grásleppuhrognin springa og skinnið situr stundum eftir, fast í tönnum.

Engu að síður varð til uppskrift sem fylgt var eftir alla leið í gegnum framleiðslu og fékk nafnið Kafka kaviár. Þeir sem til þekkja vita að flugfiskakaviár sem er í gríðarlegu uppáhaldi Japana og notaður á Sushi stöðum víða um heim og Kafka kaviárin eru svo líkir að erfitt er að greina þar á milli. Hvað sem veldur hefur Kafka þó aldrei náð „flug“ eins og sá sem hann líkist svo mjög.

Viðskiptaheimurinn með fiskhrogn hefur aldrei verið fjölbreyttari en í dag og mun trúlega halda áfram á þeirri braut. Styrjan, fiskurinn sem hóf þessi viðskipti, á hins vegar undir högg að sækja. Villt styrja er að stórum hluta komin á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu og hugsanlega verður eina vörnin styrjueldi, eigi slíkur kaviár að standa til boða í framtíðinni.

Af einhverjum undarlegum orsökum hafa umhverfissamtök fengið þá flugu í kollinn að grásleppan sé að verða uppurin. veiðimenn vita mætavel að svo er alls ekki. Enn eru jafnvel stór svæði með öllu ónýtt þar sem vitað er að grásleppa kemur til hrygningar.

Vonandi fær þessi ofurfæða að standa mönnum til boða um ókomna tíð.

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla-
og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt komandi ár.*



YANMAR

**Kraftur
Ending
Sparneytni
Áreiðanleiki**



Nor Sap

Skipstjórstólar

Gott úrval, einstök gæði
og hagstætt verð gerir
þessa stóla þá
vinsælustu í flotanum.

Möguleikarnir eru nær
endalausir.



KOHLER
MARINE GENERATORS



Rafstöðvar og ljósavélar



Vökvakranar fyrir skip og báta

 **SIDE-POWER**



Hliðarskrúfur



ZF



Stjórntæki og girar

TEIGNBRIDGE



Skipaskrúfur



Hér er snyrti-
mennskan í fyrirrúmi

Umfjöllun un gæði strandveiðiafla

Strandveiðar hafa bjargað dýrustu ferskflakamörkuðum Íslendinga

En það má gera betur

Það er orðinn kækur furðu margra að halda því fram að afli strandveiðibáta sé lélegt hráefni, eða í besta falli vafasamt. Jafnvel fræðimenn við æðstu menntastofnun þjóðarinnar slá fram slíkum fullyrðingum eins og ekkert sé sjálfsagðara og engra frekari sannana þurfi við.

Þessar ásakanir eru sýnu alvarlegri þar sem um er að ræða nýtingu úr dýrmætustu auðlind þjóðarinnar og því enn ríkari ástæða til að athuga hvað býr að baki síbyljunni. Er sannleikurinn sá að strandveiðimenn séu að draga að landi vafasamt hráefni sem veldur stórtapi fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið?

Eða er hið rétta í málinu allt annað? Í öllu falli er óhætt að slá því föstu að um hreinræktaðan atvinnuróg er að ræða í garð þeirra sem

uppfylla ströngustu skilyrði varðandi frágang á afla. Þeir eru í miklum meirihluta, en í stórum hópi eru alltaf þeir til sem eiga erfitt með að skilja að fiskveiðar eru matvælaframleiðsla – reyndar meðhöndlun á mjög viðkvæmum matvælum sem allt kapp skal leggja á að koma til neytenda þannig að hvergi falli skuggi á.

Eina leiðin til að komast að því hvernig ástandið í þessum málum er háttað er að tala við þá sem höndla þennan afla eftir að hann er kominn uppúr bátunum. Ég ræddi við þrjá af stærstu kaupendum handfærafisks sl. sumar, sem að uppistöðu var frá strandveiðibátum. Í framhaldinu ræddi ég við fjölmarga, m.a. frá Matvælastofnun, fiskmörkuðunum, Fiskistofu og fleirum.

Fyrsti viðmælandinn var frá Íslensku sjávarfangi ehf, sem staðsett er við smábátahöfnina í Kópavogi. Fyrirtækið var næst stærst í innkaupum á þessum

afla sumarið 2014. Fyrir svörum varð Ólafur Þróstur Ólafsson, sölustjóri.

Hver eru gæðin á strandveiðifiskinum?

Ólafur: Þetta hefur farið batnandi frá því strandveiðarnar hófust. Það er óhætt að segja að þetta var alls ekki gott í upphafi. Frágangurinn var allskonar, alveg frá því að vera óísaður og hent einhvern veginn í kör og komið með 6-10°C heitan afla að landi. Þetta hefur stórbatnað, en það er misjafn sauður í mörgu fé og ennþá er einn og einn að skemma fyrir. Þar er fyrst og fremst um að ræða ísleysi, en númer eitt, tvö og þrjú er kælingin. Menn eru almennt að blóðga rétt og því ekki að skemma fisk með þeim hætti.

Hver er skýringin á þessu?

Ólafur: Ég held að ástæðan hafi verið sú að í byrjun voru þó nokkrir á ferðinni sem voru hobbíkarlar sem veltu þessum hlutum ekki mikið fyrir sér. En með tímanum þjálfast liðið, þetta hefur sannarlega verið að batna ár frá ári.

Hvernig var þetta í sumar?

Ólafur: Heilt yfir þá var þetta alveg þokkalegt í sumar, en samt hefði kælingin mátt vera betri. Þá skortir uppá að menn stærðarflokki þorskind nógu samviskusamlega. Flokkun milli tegunda er í lagi.

Varðandi flokkunina þá er kannski gott verð á „blönduðum góðum“ þorski einn daginn og þá vill brenna við að mikið framboð sé daginn eftir af „blönduðum góðum“. Þarna finnst mér að markaðirnir mættu koma sterkari inn og fylgjast með. Það eru þeir sem eru að taka á móti fiskinum og selja hann og því eiga þeir að sjá til þess að þetta sé rétt gert.

Hver er þín afstaða til þess að markaðirnir myndu setja sér vinnureglur á þann veg að þeir sem eru ítrekað staðnir að því að gera hlutina illa, yrðu útilokaðir frá markaðinum?

Ólafur: Ég styð þáð algerlega. Viðkomandi bátseigendur ættu að fá eina eða tvær aðvaranir og ef ekkert breytist til betri vegar þá væru þeir sjálfkrafa úr viðskiptum. Við erum að tala um matvælaframleiðslu í hæsta gæðaflokki



ÓLAFUR ÞRÖSTUR ÓLAFSSON sölustjóri Íslensks sjávarfangs

og því eiga menn að vera skyldaðir til þess að vera með nægilegt magn af ís og að ganga um aflann samkvæmt ströngum kröfum, ellegar missa leyfið til veiðanna.

Er hægt að setja fram þá fullyrðingu að þegar menn uppfylla þessi skilyrði, þá séu þeir með í hendi sér að skaffa besta mögulega hráefni sem völ er á?

Vissulega, svo framarlega að þeir liggi ekki einhvers staðar uppí harða landi. Geri menn það, eins og stundum vill vera þegar veður eru slæm, þá ber á því af ákveðnum svæðum að fiskurinn er með mikið af hringorm. Það segir sig sjálft að þetta er af svæðunum þar sem mest er af selnum.

Hversu mikilvægur er strandveiðiaflinn varðandi ferskflakamarkað Íslendinga?

Ólafur: Strandveiðarnar eru mjög mikilvægar fyrir okkur vegna þess að þær eru stundaðar á sumrin þegar kvóti er almennt farinn að minnka og við það að klárast. Þær koma því sem kærkomin viðbót á hárréttum tíma.

Ef þú hefðir völd til að breyta einhverju varðandi strandveiðarnar?

Ólafur: Ég myndi vilja gera markaðina meira ábyrga fyrir hráefninu sem bátarnir eru að koma með að landi. Og ég myndi vilja auka magnið, því heilt yfir er ég mjög sáttur við strandveiðarnar.

Frostfiskur

Næst var rætt við þá bræður Steingrím og Þorgrím Leifssyni sem eru eigendur Frostfisks í Þorlákshöfn. Þeir voru stærstu kaupendur á strandveiðifiski sl. sumar.

Hvernig hafa gæðin á strandveiðifiskinum verið og er frágangurinn á honum eitthvað öðruvísi en hjá öðrum útgerðarflokkum?

Steingrímur: Þetta er stór spurning og kannski erfitt að stilla þessu svona upp. Við verðum að hafa í huga að það er verið að veiða fiskinn frá og með maí til og með ágúst og því verður að bera það saman við fisk veiddan af



ÞORGRÍMUR OG STEINGRÍMUR LEIFSSYNI
eigendur Frostfisks

öðrum bátum á sama tíma. Það er vissulega rétt að fiskur veiddur í febrúar á djúpu vatni og slægður og ísaður er frábært hráefni og með betri nýtingu vegna þess að hann er feitari. Fiskur sem veiddur er á hinu tímabilinu er horaðri, úr heitari sjó og nýbúinn að hrygna.

Málið er að við þurfum líka að framleiða fisk á þessum tíma og því fögnum við þessum fiski. Það hefur vantað uppá að fiskmarkaðir og sjómenn hafi ísað nógu vel, en það er hægt að laga. Gæðin á fiskinum úr sjó eru góð, en

svo er það meðhöndlunin eftir að hann kemur um borð. Hún hefur lagast og gæðin í sumar voru oft á tíðum mjög góð, þegar veðrið var gott og menn komust á góð mið. Það vantar ennþá uppá að allir gangi vel frá aflanum og að uppboðslýsing markaðanna standist. En gæðin hafa batnað stórlega frá því strandveiðarnar hófust.

Þorgrímur: Matvælastofnun mætti eyða meira púðri í að fylgjast með þessu og það er öruggt að smábátasjómenn myndu aðlagast markmiðum stofnunarinnar varðandi kælingu mjög hratt. Þeir myndu ekki þurfa nema einn til tvo daga í refsingu til að ná þeim markmiðum.

Steingrímur: Þeir eru enn til sem tíma ekki að kaupa ís og fiskmörkuðunum virðist vera alveg sama. Þá koma markaðirnir ekki öllum uppboðslýsingum rétt frá sér, því þetta eru svo margir bátar. Svo er verið að sameina í körum og alla vega. En það þarf að kenna smábátasjómönnum, sumum hverjum, að ísa og svo myndum við hér hjá Frostfiski vilja að þeir kæmu með aflann slægðan að landi. Okkur finnst ófært að koma með óslægðan fisk að landi yfir sumartímenn þegar hitinn er kannski 12°-16°C og kælingin ekki nægileg.

Ef kælingin væri í lagi, myndir þú samt vilja hann slægðan?

Steingrímur: Við myndum alltaf vilja hann slægðan. Við erum í samkeppni við verkanir og útgerðir sem eru alltaf með slægðan fisk. Nýtingin er betri, betra geymslupól og þar sem við erum að keppa á þessum mörkuðum þá þurfum við að hafa sambærilegt hráefni. Ég ætla að fullyrða að það er búið að ljúga því upp á okkur fiskverkendur að við séum mótfallnir því að slægt sé út á sjó.

Þorgrímur: Með óslægðan fisk erum við í stanslausu kapphlaupi við klukkuna því ekkert má út af bregða. Þetta er vondur business fyrir alla nema kannski útgerðarmanninn og sjómanninn. Við erum harðir á því að þeir eigi að slægja, hirta lifur og gotu og raunar allt – það er óþarfi að henda neinu. Ég lýsi eftir alvöru rökum fyrir því að fiskurinn sé færður óslægður að landi.



EFTIRLITSMÆÐUR FRÁ MAST VIÐ HITAMÆLINGAR. HÉR VAR ALLT Í SÓMANUM

Hvernig stendur þá á því að menn eru að fá sama og jafnvel hærra verð fyrir fiskinn óslægðan?

Steingrímur: Ég geri mér grein fyrir þessu og að hvatinn er lítill sem enginn fyrir menn að slægja þegar staðan er svona. Ástæðan er skortur á fiski á mörkuðunum. Dæmi: við erum kannski að leita að 2-3 kg fiski og það er engin stæða með slíkum fiski – nema þessi óslægða. Við hliðina getur verið stæða sem er 5 kg en hentar ekki í þær pakkningar sem við erum að vinna í. Þegar tíminn líður hætta menn að gera greinarmun á þessu því þeir hafa svo sárásjaldan val. Reyndar getur átt við í einhverjum tilfellum að betra sé að fá úsuna óslægða, en það er út í hött að láta þær undantekningar leiða umræðuna.

Borgrímur: Það er annað sem ég vil benda á. Það er lang skemmtilegast að standa við búðarkassann í jólaösinni, en málið er að ef búðin á að ganga þarf að gera það allt árið. Það er eins með þá markaði sem við erum að selja á. Við værum ekkert inn í Waitrose né öðrum hágæðamörkuðum ef við hefðum ekki þennan sumar-fisk. Strandveiðarnar tengja saman vor og haust hvað varðar þessa markaði. Þetta er eitt af

því sem maður heyrir stjórnámamennina aldrei tala um.

Steingrímur: Þær búðir og veitingahús sem versla við okkur bjóða einungis upp á ferskt hráefni. Það fellur því um sjálft sig sem sumir útgerðarmenn hafa sagt að það eigi bara að selja þeim frystan fisk á þessu tímabili. Frysti fiskurinn fer á aðra markaði og getur ekki komið í stað þess sem við erum að selja. Ef við stöndum okkur ekki við að skaffa ferska fiskinn mun einhver annar gera það. Frekar en að kaupa fryst, skipta þessir aðilar yfir í aðrar tegundir.

Hvert á hlutverk markaðanna að vera?

Steingrímur: Hitastigsmælingar á öllum afla og nákvæmar uppboðslýsingar ættu að vera í forgangi. Það eru til reglugerðir og vinnureglur, en eins og ég sagði áðan þá fæ ég ekki séð að markaðirnir fylgi þeim eftir, né Matvælastofnun.

Borgrímur: Ef við tölum sérstaklega um uppboðslýsinguna, þá er hún ekkert annað en lýsing á hráefni og því á að fylgja hvar og hvenær viðkomandi bátur var við veiðar. Ég vil vita hvort viðkomandi var einhvers staðar upp í fjöru í orma- eða þarafiski og þetta er lítið mál



SVONA UMGENGNI Á EKKI AÐ SJÁST Í MATVÆLAIDNAÐI

að merkja við hvern bát. Þá vil ég vita hversu góð kælingin var hjá honum og hversu vel fiskurinn er flokkaður. Þetta eru alger grundvallaratriði en eru því miður ekki í lagi.

Hversu alengt er þetta?

Steingrímur: Það koma oft dagar þar sem þetta er í mjög góðu lagi, en svo koma aðrir dagar þar sem ég kaupi af t.d. 30 bátum þar sem helmingurinn er með allt í stakasta lagi, en hinn ekki. Þetta eru þá oft aðilar sem hreinlega kunna ekki nógu vel til verka, en það er hægt að laga. Það er í sjálfu sér ekkert að fiskinum.

Þetta er spurning um aga og að fara eftir reglum. Ef menn kæla rétt, slægja, þrifa og flokka samkvæmt reglum eru menn með ferkst hráefni í hæsta gæðaflokki.

Hverju vilduð þið helst breyta varðandi strandveiðarnar?

Steingrímur: Ég myndi láta slægja allan fisk úti á sjó, skikka menn til að koma með fiskinn undir 2°C og flokka hann.

Borggrímur: Allir aðilar verða að átta sig á því að ef við ætlum að selja inn á dýrari enda markaðarins þá verðum við að skaffa fisk allt árið en ekki hluta úr því. Mér finnst stundum sem ferskfiskmarkaðurinn okkar sé ekki tekinn nógu alvarlega. Við erum að selja mjög víða beggja vegna Atlantshafsins og inná hágæða markaði, bæði verslunarkedjur og veitingahús.

Steingrímur: Við erum ánægðir með strandveiðifiskinn og að þessir bátar fái að veiða. Við vorum búnir að ganga í gegnum nokkur sumur þar sem trillurnar voru hættar að skaffa á sumrin og það voru ekki skemmtilegir tímar. Okkur kvíður ekki lengur fyrir sumrinu.

Þriðji og síðasti fiskkaupandinn sem rætt var við var Jón Steinn Elíasson hjá Toppfiski í Reykjavík. Toppfiskur var í fjórða sæti í innkaupum á strandveiðiafla sl. sumar.

Hver eru gæðin á strandveiðiaflanum og hvað viltu segja varðandi slægingu?

Jón Steinn: Í flestum bátum hafa menn mjög takmarkaða aðstöðu til að slægja. Það besta sem menn gera er að blóðga fiskinn og láta honum blæða, helst í rennandi sjó og kæla hann síðan eins vel og hægt er. Það er kælingin sem skiptir öllu máli. Ef menn ætla að fara að fiksa mikið í þessu, taka fiskinn aftur upp og slægja hann, þá er veruleg hættu á að þeir missi hita í fiskinn, fyrst og fremst vegna aðstöðuleysis um borð. Eitt það versta sem getur komið fyrir fiskinn er að verið sé að kasta honum til, kannski tvisvar, þrisvar. Ég legg alla áherslu á að menn blóðgi, láti fiskinum blæða vel út, þrifi hann vel og setji í krpa og hafi hann í krpanum þangað til þeir koma í land og hleypi ekki undan fyrr en í síðustu lög. Þessi aðferð er best fyrir okkur sem erum að koma fiskinum á dýrustu markaðina því þá vitum við að hann hefur verið kældur og hefur fyrir vikið þá endingu sem við erum að sækjast eftir. Við sem erum að taka þennan fisk höfum aðstöðu til að gera að honum og setja hann beint í krpa áður en hann fer í vinnsluferlið.

Það sem menn verða að passa er að vera með krpa eða geta búið hann til. Best væri að koma með allan fisk slægðan að landi en aðstaðan um borð leyfir það ekki alltaf nema

með ákveðnum breytingum og hugarfari sem hægt væri að gera með samstilltu átaki.

Hver voru gæðin á strandveiðiaflanum í sumar?

Jón Steinn: Strandveiðiaflinn hefur batnað ár frá ári. Það er komin miklu meiri meðvitund um það hvernig eigi að ganga um fiskinn. Ég tel mig vera með eitt besta eftirlit sem þekkest hvað varðar það hráefni sem ég kaup. Þannig á ég skrá yfir hverja einustu stæðu sem komið hefur hér inn fyrir dýrnar. Ef ég ætti að nefna eitthvað sérstakt, þá væri það helst að menn mættu raða betur í körin. Einn og einn markaður hugsar vel um þetta, en þetta er mikilvægt vegna þess að oft er þessi fiskur ekki kominn í dauðastirnun þegar honum er landað. Síðan stirnar hann í karinu og er fyrir vikið allavega í laginu eftir það.

Hér er ég ekki síður að tala um markaðina, en það hvílir á útgerðarmönnum að fylgja því eftir að markaðirnir geri þetta vel í þeim tilfellum þegar menn eru með sín föstu kör um borð og þau því losuð við löndun. Útgerðarmaðurinn á aflann alveg þangað til hann hefur verið seldur og þeir greiða markaðinum fyrir hans þjónustu.

Hvað með hlutverk markaðanna? Finnst þér að þeir ættu að setja sér reglur um hvað þeir bjóða til sölu?

Jón Steinn: Auðvitað þurfa markaðirnir að vanda sína vinnu og eigendur fisksins þurfa að fylgja því eftir alla leið.

Markaðirnir eru að vinna eftir gæðakerfi og það er krafa hins opinbera að þeir haldi utan um það. Ég veit til þess að a.m.k. stóru markaðirnir hafa ráðið til sín fólk til að setja upp slík gæðakerfi, en spurningin er hvernig þessu er fylgt eftir. Ég bendi á í þessu sambandi að t.d. Fiskmarkaður Suðurnesja gefur upp hitatölur á öllum seldum fiski og það er virðingarvert. Þeir markaðir sem ekki gera þetta ættu tvímæla-laust að taka sér þetta til fyrirmyndar. Í þessu tilfelli geta samtök smábátaeigenda beitt sér fyrir þessu og því að markaðirnir gangi rétt um afla þeirra félagsmanna.

Til þess að við getum greitt hæsta verð þurfum við að hafa þessar upplýsingar ásamt upplýs-

ingum um það hvar fiskurinn var veiddur. Mesti óvissupátturinn í mínum innkaupum er sá, hvort fiskurinn hafi fengið rétta kælingu um leið og hann kom upp úr bátnum. Þetta er algert lyklatríði hvað varðar að koma honum í þá vinnslu sem ég vil setja hann í en þetta er samt veikasti hlekkurinn í keðjunni. Það versta er að við fáum enga svör frá mörkuðunum. Ég sit uppi með margar kvartanir útaf flokkun og stæðum en fæ engin svör frá. Við börðumst fyrir því hjá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda að seljendur fái aðgang að því hverjir eru kaupendurnir. Nú er þetta orðið aðgengilegt fyrir þá – en bara í einn dag. Af einhverjum ástæðum virðast þetta vera mjög viðkvæmar upplýsingar – en á hinn bóginn virðist ekkert viðkvæmt að kaupendurnir hafi alltaf upplýsingar um af hvaða bátum þeir kaupa.

Hverju myndir þú vilja breyta?

Jón Steinn: Ég vil að þeir sem stunda strandveiðarnar hafi sem mest útúr þeim. Til að það geti gerst þarf að laga umhverfið fyrir þessa báta. T.d. þarf að breyta reglum þannig að þeir þurfi ekki að þvælast út í misjöfnum veðrum og kringum frídaga eins og verslunarmannahelgina þegar vitað er að verðin eru lág. Þarna þarf að setja sveigjanleika inn í kerfið, því við viljum hámarka það sem hægt er að gera með þessar aflaheimildir sem þarna er verið að úthluta.

Og ég vil segja að lokum að ef strandveiðarnar hefðu ekki komið til værum við búin að tapa mörgum af okkar dýrustu mörkuðum. Það er nú bara blákaldur veruleikinn.

Áður en lengra er haldið er rétt að víkja að atriði sem, eins undarlegt og það kann að líta út, virðist alls ekki vera á allra vitorði. Það er sú staðreynd, að það er beinlínis brot á reglum að halda til veiða án þess að vera með ís, krapa eða kælibúnað meðferðis. Í rammanum hér undir er texti úr reglugerðinni um þetta efni:

Meðferð og kæling botnfiskafla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir.

Afla skal kæla með ís eða sjókælibúnaði eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð í veiðiskip. Sé ís notaður í stað sjókælibúnaðar, skal nægur ís vera sýnilegur kringum aflann í flutningsíláti bæði við flutning og löndun. Skipstjórnandi skal að beiðni eftirlitsaðila geta sýnt fram á að nægur ís sé til staðar, eða hafi verið til staðar, til að kæla afla sem um borð kemur í veiðiferðinni.

Hitastig afla skal vera undir 4°C, fjórum klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð.

Afla skal verja fyrir áhrifum sólar og annarra hitagjafa eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð. Afli sem geymdur er utandyra skal varinn fyrir umhverfismengun og sólarljósi með loki eða yfirbreiðslu.

Dæmi um þróun hitastigs í fiski árið 2013

Starfsmaður frá MAST mætti á bryggjuna og mældi hjá viðkomandi bát strax þegar körin komu upp úr bátum. Aflinn hafði verið kældur í kröpa um borð og mældist 0,4°C.

Fiskurinn var mældur strax við móttöku hjá kaupanda. Þá var hitastigið komið upp í 1,6°C. Í þessu tilfalli var mjög stutt frá markaðinum að fiskvinnslunni.

Hér hefur komið fram, að til eru dæmi þess að menn fari til veiða án þess að hafa ís til kælingar. Þessir aðilar eru að brjóta reglur með slíkri hegðun. Það er þekkt að aðgengi að ís er misjafnt og sumstaðar stendur hann jafnvel ekki til boða. Að óbreyttu þýðir það að strandveiðar verða ekki stundaðar frá slíkum stöðum. Það er alltént ekki hægt að réttlæta þá hegðun

að fara íslaus á sjóinn með slíkum rökum. Reglur eru reglur, hvort sem menn eru sáttir við þær eða ekki.

Standi einhver í þeirri trú að brot á þessari reglugerð varði engum viðurlögum er það mikill misskilningur. Reglugerðin sækir lagastoð í lög nr. 93/1995 (lög um matvæli) og lög nr. 55/1998 (lög um sjávarafurðir). Í þeim báðum er að finna ákvæði um viðurlög sem ekki nokkur óbrenslaður maður vill kenna á. Hitt er svo annað mál hvort þeim sé beitt og verður komið að því hér í samantekt.

Matvælastofnun

Matvælastofnun (MAST), sem bræðurnir í Frostfiski viku að er opinber stofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. MAST er stjórnsýslustofnun sem sinnir m.a. fræðslu og eftirliti með öllu sem snýr að matvælum og þar með er talinn sjávarútvegurinn.

Tilgangurinn er að stuðla að öryggi matvæla sem á að tryggja heilnæmi og gæði.

Undanfarin ár

hafa strandveiðimenn, margir hverjir, orðið varir við starfsmenn stofnunarinnar þegar þeir hafa mætt á bryggjurnar til að hitamæla fiskinn og taka út þrif á ílátum og bátum.

Þessi samskipti hafa að langmestu leyti gengið ágætlega fyrir sig, en eins og gengur í stórum hópi manna sem eru flestir hverjir fastir fyrir, hafa menn misjafnar skoðanir og hafa þá stundum gengið hvöss orð milli manna. Það er þó reglan, að menn hafa verið snöggir að bæta ráð sitt, hafi hitastig ekki verið samkvæmt kröfum. Það lá því beint við að taka MAST tali í ljósi þess hlutverks sem stofnunin gegnir.

Þau Garðar Sverrisson, fagsviðsstjóri sjávarafurðaeftirlits á sviði matvælaöryggis og neytendamála og Sigrún Ólafsdóttir sérfræðingur á sama sviði urðu fyrir svörum.

Hvernig hefur Matvælastofnun staðið að eftirliti með afla strandveiðibáta?

Garðar: Við höfum verið með eftirlit á bryggjunum, t.d. árin 2011, 2012 og 2013. Við vorum með fjóra eftirlitsmenn 2012 en tvo árið 2013 sem mældu hitastig og skoðuðu frágang, umgengi, hreinlæti og því hvort aflanum væri komið í skjól. Við sáum verulegan mun á milli ára. Þá erum við með samkomulag við Fiskistofu um að gera mælingar á bryggjunum.


Sigrún: Þegar horft er á niðurstöður mælinga sést að aðeins lítt hluti strandveiðimanna er með allt í ólestri..

Garðar: Við settum okkur markmið að ná þessu í fyrstu lotu niður fyrir þau mörk sem kveðið er á um í reglugerð sem segir að hitastigið skuli vera innan við 4°C í fiskinum, 6 tímum eftir að hann er kominn um borð. Á síðasta ári var meðaltalið 3,6°C. Það skal tekið fram að þarna er um túlkunaratriði að ræða, því í Evrópureglum er talað um hitastig bráðnandi íss, sem er jú 0°C í vatni en er nokkru lægra í sjó vegna saltsins. Danir og fleiri þjóðir miða við að fiskur sé ekki yfir +2°C við löndun.

Hvað varðar slægingu, þá eru ekki í reglugerðum nákvæm tímamörk eins og áður var en þar segir að slægja skuli fisk eins fljótt og unnt er en reynir einmitt enn meira á að kælingin sé góð.

Sú þróun er mjög greinileg að menn eru orðnir miklu meðvitaðri um gildi kælingarinnar. Þá er einnig mikilvægt að koma aflanum í skjól, því það er óheimilt að geyma fisk lengi á bryggjunni. Við höfum tekið eftir að þegar sjómenn verða varir við að verið sé að mæla hitastig á bryggjunum, þá myndast samkeppni um að gera sem best. Það vill enginn vera skussinn í hópnum. Við fréttum af dæmum þar sem eftirlitsmönnum og trillukörlum laust saman í byrjun, en síðan voru þetta orðnir bestu bátarnir þegar upp var staðið.

Það er annað atriði sem nauðsynlegt er að tekið sé á sameiginlega og það er þrífnaður á körum og kössum. Þar hafa aðilar bent á hvorn annan, en það leysir ekki vandann. Það eru notendur, sem bera ábyrgð á því að kassar og kör, sem þeir nota séu heil og hrein.



Þrífnaðurinn á bátunum er misjafn, en þar gildir það sama og með kælinguna, menn fara í samkeppni sem leiðir bara til góðs. Þar er þetta jafnvel bara spurning um snyrtimennsku.

Sigrún: Við höfum vissulega séð báta sem hafa verið svo fínir að það var engin leið að sjá að þeir væru að koma úr veiðiferð, miklu frekar að þeir væru að koma nýir úr verksmiðjunni. En svo eru til dapurleg dæmi um hið gagnstæða.

Garðar: Það er búið að vinna heilmikla vinnu sem miðar að því að gera mönnum það ljóst hversu áriðandi það er að kæla aflann og ganga snyrtilega um. Það er því í raun engin afsökun til lengur fyrir því að gera þetta öðruvísi. Ég tel engan vafa leika á því að hin jákvæða þróun þessara mála byggir á því að menn skildu mikilvægi kælingar og ég tel að eftirlit MAST eigi þar góðan þátt að þakka. Menn áttuðu sig á því að það vantaði svo lítið upp á, eins og úttektarskýrslur sýna.

Hvað með markaðina?

Garðar: Þeir eru náttúrulega misjafnir, en mættu huga betur að því að kör og kassar séu undantekningalaust samkvæmt hreinlætiskröfum. Dæmin um kör sem ættu alls ekki að vera í umferð eru allt of mörg.



Garðar: Einn þáttur þarf að hafa í huga, sem er að uppboðskerfi markaðanna er með þeim hætti að það getur verið ógjörningur að fylgjast með og/eða koma í veg fyrir hluti sem ekki eru í lagi. Þannig gerist það t.d. að bátar sem eru ekki að fara að reglum eru jafnvel búnir að selja dagsaflann áður en hann er kominn um borð.

Þetta myndi sjálfsagt lagast af sjálfu sér, væri það svo að þessir bátar fengju lægra verð fyrir vikið. Því miður er það ekki raunin.

Úr skýrslu MAST 2013

„Eftirlitsmenn mældu hitastig afla um 500 báta og voru mælingarnar tæplega 1900. Rúm 90% mælinganna voru gerðar á afla handfærabáta og var 70% aflans þorskur, 20% ufsi og 10% aðrar tegundir.

Niðurstöður eftirlitsins sýna að kæling afla var betri en árið áður. Meðalhiti lækkaði milli ára úr 3,6°C í fyrra niður í 2,7°C í ár en skv. reglugerð nr. 528/2012 skal hitastig afla vera undir 4°C fjórum klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð. Jafnframt lækkaði meðalhiti afla frá júní til júlí þrjú fyrir hækkingu sjávarhita“.

Úr skýrslu MATÍS 2011

„Sá áhrifaþáttur sem hefur hvað mest að segja um gæði strandveiðiafla er kæling. Almennt má segja að strandveiðiflotinn komi vel út í samanburði við hina hefðbundnu dagróðrabáta hvað kælingu varðar og er ekki hægt að greina marktækan mun á milli þessara útgerðaflokka“.

Markaðirnir

Ekki er að undra að allir viðmælendur hafa vikið að mörkuðunum. Þeir eru milliliðir seljenda og kaupenda og hlutverk þeirra því mjög mikilvægt. Á skrá Reiknistofu fiskmarkaða eru 25 markaðir skráðir, níu þeirra undir Fiskmarkaði Íslands og fimm undir Fiskmarkaði Suðurnesja.

Einn þeirra markaða sem stendur utan þessara fyrirtækja er Fiskmarkaður Hólmavíkur. Eðli máls samkvæmt fer mikið af strandveiðiafla þar í gegn. Stjórnarformaður er Már Ólafsson, en hann gerir jafnframt út krókaafلامarksbátinn Straum ST 65 frá Hólmavík.

Í samtölum við fiskkaupendur hefur komið fram að þeir telja fiskmarkaðina eiga að gegna stærra hlutverki í því að menn gangi vel um, fari að reglum varðandi kælingu og skili honum af þeim gæðum sem þær segja til um. Er Fiskmarkaðurinn á Hólmavík með aðgerðaráætlun í gangi hvað varðar þessi mál?

Við erum ekki með þetta á blaði, en við erum alltaf að ítreka við þá sem trassa að ísa að gera betur, en það eru alltaf nokkrir einstaklingar sem hreinlega gera það ekki og ganga illa um. Veiðieftirlitsmenn hafa farið með þeim og gert athugasemdir sem hafa ekki skilað neinu.

Hverju svara þessir menn til þegar þeim er bent á þetta?

Það hnussar í þeim og svo gera þeir ekki neitt.

Samkvæmt þeim lögum sem reglur um þessi efni byggja á, eru þung viðurlög við því að fara ekki eftir þeim. Það er að verða sífellt algengari skoðun að svona umgengni í matvælaíðnaði eigi að varða við tafarlausa veiðileyfissviptingu. Hver er þín afstaða?

Mér finnst það mjög eðlilegt, en við höfum ekki heimild til að grípa inn í með þeim hætti.

Þrif á fiskilátum hefur einnig með gagnrýnt.

Því miður kemur það fyrir að við fáum kör sem eru jafnvel með úldnum beinagörðum í. Einhvers staðar í ferlinu gerist þetta og ekki við fiskimenn að sakast. Öll kör sem koma til okkar eru frá dreifingarmiðstöðinni í Hafnarfirði. Þau verða ekki skítug hjá okkur því þau eru eingöngu notuð til að setja í þau aflann sem er að berast að landi.

Hefur Fiskmarkaður Hólmavíkur til athugunar að taka upp hitamælingar sem myndu fylgja uppboðslýsingu

ásamt því að upplýsa um veiðisvæði hvers báts?

Við höfum tekið stikkprufur af hitastigi, en ekki með jafn reglulegum hætti eins og væri æskilegast. Hvað varðar að upplýsa um staðsetningu báta, þá hef ég ekki heyrt slíka kröfu. Þar er um talsvert flóknara mál að ræða og ég sé ekki í fljótu bragði hvernig ætti að útfæra það. Kaupendum er í lófa lagið að fylgjast með á Marine Traffic hvernig liggur í sóknarmynstrinu þann og þann daginn. Það er alveg jafn flókið fyrir markaðsmenn að fylgjast með þessu og kaupendum.

Páll Ingólfsson er framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands, en u.þ.b. 38% alls afla sem fer um uppboðsmarkaði á Íslandi fer þar í gegn. Stærsta uppboðsstöð FMÍS er í Rífi, en Páll er með skrifstofu sína í Ólafsvík.

Viðmælendur Brimfaxes hafa allir nefnt fiskmarkaðina og vilja auka hlutverk þeirra í að fylgja eftir góðum frágangi á afla.

Páll: Það er búið að gera mikið frá því strandveiðarnar hófust og það er haf og himinn milli þeirra vinnubragða sem voru í upphafi og þeirra sem eru í dag. Þetta á bæði við um starfsmenn fiskmarkaðanna sem sjómennina. Innan um eru alltaf einhverjir sem eiga erfitt með að skilja mikilvægi þess að vanda sig. En slóðunum hefur stórfækkað, svo mikið er víst.

Þetta hefur enda skilað sér í því að það er líka haf og himinn hvað varðar gæðin. Í sumar voru bestu gæðin frá upphafi sem speglaðist m.a. í ágætu verði sem menn voru að fá fyrir aflann.

Í öllum starfstöðvum FMÍS er allur afli hitamældur af strandveiðibátum, sem öðrum. Ef við sjáum að þetta er ekki í lagi skráum við það, höfum samband og förum fram á að hlutirnir séu lagaðir. Þessi afli er tekinn til hliðar og seldur sér. Eins gerist það í brælum að menn leggjast í var og fiskurinn því oft þaralitaður. Sá fiskur er einnig tekinn til hliðar og seldur sérstaklega.

Það er erfiðara að eiga við fisk sem kann að vera sýktur af hringormi. Sá fiskur getur litið ágætlega út, verið bjartur og fínn. Þetta er útilokað fyrir okkur að meta, en þegar svona tilfelli koma upp og kaupandi kvartar, höfum við samband við þann bát sem í hlut á til að reyna að finna einhverja millilendingu. Viðbrögðin eru reyndar ærið misjöfn.

Fyrst þið hitamælið allan fisk, hvers vegna fylgja þær tölur ekki í uppboðslýsingu?

Það er einföld skýring á því. Þessi afli er seldur meira og minna óveiddur og því slík upplýsingagjöf með öllu ómöguleg. FMÍS er með slægingar- og flokkunarþjónustu í Rífi og við tókum upp á því í sumar að mæla tvisvar – þ.e. aftur eftir að aflinn hafði farið þar í gegn. Ástæðan var sú að þessi fiskur var oft svo nýr, jafnvel rétt klukkustundar gamall og kólnunarferlinu því alls ekki lokið. Munurinn getur verið mjög verulegur og engan veginn hægt að skella einhverri skuld á strandveiðikarlana þegar svona háttar til. Þetta á ekkert síður við um afla annarra skipa og báta, t.d. þeirra sem eru á snurvoðinni. Þeir skreppa hér útfyrir, taka tvö köst og fiskurinn er varla dauður þegar hann kemur í land.

Það breytir ekki því að það er engin afsökun fyrir því að kæla ekki afla um borð og ganga snyrtilega um. Þeir sem eru ófærir um þetta eiga ekkert annað skilið en að missa veiðileyfið.

Flokkun afla hefur einnig verið gagnrýnd.

Hún mætti vissulega vera betri og það koma upp ágreiningsmál vegna þess að menn eru að meta hann í þyngri flokka en kemur á daginn eftir að hann hefur farið í gegnum þjónustuna hjá okkur. Það vill brenna við hjá körlunum með þorskinn, rétt eins og menn í laxi, að telja fiskana talsvert þyngri en raunin er.

Hvað með hreinlæti á þeim körum sem mönnum er boðið að landa í?

Ég er sammála því að þetta er ekki í nógu góðu lagi. Fiskmarkaðirnir eiga hlut í Umbúðamiðlun og það er stöðugt strögl útaf þessum málum. Kerþvottavélar eru aðeins á tveimur stöðum, Sandgerði og Hafnarfirði. Það er mitt mat að

meðan slíkar vélar eru ekki á fleiri stöðum kemst þetta ekki í lag. Hluti vandans er að talsvert af kerjum eru komin til ára sinna og þarfnast endurnújunar. Þetta er viðfangsefni sem þarf að ganga í.

Hvernig er þess gætt að kælingu sé haldið við þegar verið er að keyra fisk, jafnvel milli landshluta, svo klukkustundum skiptir?

Það er eins og ég nefndi í upphafi, þar er einn og einn slugsí sem vandar sig ekki. Keyra jafnvel með fisk upp í 6 klst án þess að keyra kælingu í rýminu. Þetta ætti ekki heldur að líðast.

SAMANTÉKT

Auk þeirra viðmælenda sem getið er, var rætt við fjölda annarra. Nafna þeirra verður ekki getið hér. En það má ljóst vera að sú fullyrðing sem glumið hefur í eyrum strandveiðimanna allt frá árinu 2009 þess eðlis að aflinn þeirra sé „lélegt hráefni“, stenst ekki. Þrátt fyrir að kaupendur væru sammála um að ísun og kæling mætti vera betri, er hráefnið frá strandveiðiflotanum ekki lakara en svo að dýrustu fersklakamörkuðum Íslendinga er haldið gangandi með því. Þá voru allir viðmælendur sammála um að kæling og frágangur hefur tekið stakkaskiptum frá fyrsta árinu.

Þeir sem hafa allt á hornum sér varðandi þessar veiðar eru gjarnan þeir sömu og eru að selja inná þessa markaði á öðrum árstíma. Þeir virðast gleyma því, að það er strandveiðiafl- anum að þakka að þeir hafa þennan aðgang. Þá kom margsinnis fram að afli annarra skipa- gerða á sama árstíma er í litlu eða engu frábrugðinn þeim sem hér um ræðir.

Hinn breiði hópur strandveiðimanna

Jafnframt liggur fyrir að meðal strandveiði- manna er líttill hópur sem vanvirðir reglur um ísun og kælingu, þrífnað og umgengni. Samkvæmt þeim skýrslum sem til eru, bæði frá MATÍS og MAST eru þetta um 5% þeirra sem hafa stundað veiðarnar, um 35-40 bátar af u.þ.b. 700 báta flota. Þessir fáu einstak- lingar hafa afrekað að koma óorði á allan hópin, því það er jú einu sinni svo að fjöl-

miðlar og þeir sem vilja þessar veiðar feigar alhæfa út frá því sem miður fer. Það er öllum sómakærum smábátaeigendum keppikefli að halda uppi góðri ímynd. Hún næst ekki með tilvísunum í rómantík og gamla manninn og hafið. Sú mynd er ágætis bakgrunnsmynd, en í forgrunni dagsins í dag er sú krafa að fiskurinn sem færður er að landi sé af mestu mögulegum gæðum, höndlaður samkvæmt kröfum sem tilgreindar eru í lögum og reglum um matvæli.

Það sætir því furðu að allt frá því strand- veiðarnar hófust 2009 hefur ekki einn einasti bátur misst veiðileyfi sitt vegna slóðaskapar á þessu sviði. Fréttir berast af og til af því að kúabúum er lokað tímabundið vegna óþrífna- aðar eða öðrum ástæðum. Yrði það líðið að 30 kúabú af þeim rúmu 600 í landinu, fengju árum saman að haga sér svona?

Hér skal hiklaust lagt til, að viðurlög séu skerpt í lögum og reglum á þann veg að menn fái eina viðvörun og ef þeir bæta ekki ráð sitt, missi þeir veiðileyfið tímabundið. Haldi þeir síðan áfram sömu iðju hlýtur að liggja ljóst fyrir að viðkom- andi eigi að starfa við eitthvað allt annað en matvælaframleiðslu og veiðileyfið þá farið veg allrar veraldar.

Önnur atriði sem komu sífellt upp í umræðunni voru annars vegar flokkun og frágangur í körum og hinsvegar þrífnaður á þeim. Þessi mál eru öllu flóknari og verða varla betrumbætt nema í góðri samvinnu allra hlutaðeigandi.

Strandveiðiflotinn notar að uppistöðu svokölluð 330 lítra kör sem algengast er að tæmd séu í 460 lítra kör við löndun. Þetta þýðir að engu skiptir hversu nákvæmlega var raðað um borð. Hafi fiskur ekki lokið dauðastirðnun og honum ekki endurraðað, „frýs“ hann í allavega still- ingum, vinnsluaðilum til ama og öllum til taps. Þessari snuðru þarf að strjúka úr í samvinnu sjómanna og fiskmarkaða. En það eru ekki bara strandveiðimenn sem lenda í því að skítug kör bíði þeirra undir krananum. Þetta er verulegt vandamál í stóru myndinni og þótt þægilegt væri að geta kenna fyrirtækinu Umbúðamiðlun um, sem á öll þau kör sem í umferð eru, þá er málið



ROTEXTM

VINNSLULAUSNIR Í FISKISKIP



AUKIÐ GEYMSLUPÓL
BETRI BLÆR Á FISKIHALDI
STJÓRNUN Á DAUÐASTIRÐNUN
JÖFN GÆÐI

WWW.3X.IS

PVÍ AÐ GÆÐIN SKIPTA MÁLI




3X Technology Rotex skipakerfi

Í samstarfi við Matís, sjávarútvegsfyrirtæki, skipasmíðjur og önnur tæknifyrirtæki hefur 3X Technology þróað Rotex skipakerfi.

Rotex skipalausnin er sniðin þannig að hún henti flest öllum skipum og veiðiaðferðum, línubátum, lagnetabátum, ferskfisktogurum eða frystitogurum. 3X Technology hefur hannað sérlausn sem tryggir bestu mögulegu meðhöndlun á fiskafurðum. Ágæti búnaðarins hefur nú þegar sannað sig og viðskiptavinir 3X Technology hafa fengið betra mat á hráefni sínu og einnig hærra verð. Fiskimenn og framleiðendur hafa séð afgerandi gæðamun á ferskfiski, frosnum afurðum og saltfiski.

Með Rotex skipakerfinu fá menn öruggari yfirsýn á blóðgunar- og kælitíma sem felur í sér fullkomna stjórn á dauðastirðnun, bættu forgangsroðun í vinnslu, mun ljósari lit og minna los. Nýtingin verður mun betri fyrir vikið, fullkomin blóðgun bætir blæfisksins sem skilar hærra mati á léttisóltuðum og sóltuðum fiski.



Með stórauðni og stöðugu geymslupóli afurðar er möguleiki á lengri veiðitúrum og hagkvæmari flutningsmáta. Það er ljóst að fullkomin blæðing og kæling skilar gæðunum alla leið til neytenda.

Rotex skipakerfið er einfalt í notkun með svokölluðu „ON-TRACK“ viðmóti sem nær einstakri nákvæmni á hitastigi vatns og krapa, orkunotkun sem og öðrum gildum er snerta vinnsluna og gæðaeftirlitið. Hægt er að safna gögnum aftur í tímann og tryggja þar með fullkominn rekjanleika. Nútímataækni gerir mönnum kleift að þjónusta kerfið í gegnum netið. Þjónustustöðvar 3X Technology er að finna í Reykjavík og á Ísafirði.

Árið 2014 afhenti 3X Technology 15 Rotex skipakerfi í allar stærðir og gerðir skipa.

engan vegin svo einfalt. Sá sem skilar tónum körum á að þrifa þau áður, nema um annað sé samið. Um 80 þúsund kör eru í umferð og fjöldi þeirra kemur sjaldan eða aldrei í karabvotta-stöðvar Umbúðamiðlunar sem aðeins eru á tveimur stöðum á landinu. Til viðbótar er sá plag-siður landlægur að líta á fiskikör sem einhvers-konar almannaeign eða einskismanseign. Margir virðast ekki telja neitt tiltökumál að kippa með sér kari sem liggur vel við höggi og rífa síðan kjaft, sé þeim bent á að þetta sé í raun þjófnaður.

Þessi furðulega afstaða gagnvart fiskikörum er ástæða þess að ekki standa til boða skiptikör fyrir þá sem eru að nota 330 lítra körin. Þessi litlu kör hverfa eins og dökk fyrir sólu. Skiptikör myndu leysa þann galla í ferlinu sem vikið var að – umhelling afla. **Á tímum tæknitrúar hlýtur að vera til lausn á þessu máli. Kör með innbyggðum tölukubb? Öflugt skráningarkerfi byggt á skönnun með...farsímum, jafvel? Hér með er lýst eftir hugmyndum sem hægt væri að taka alvarlega í þessu sambandi.** Fiskaup-endur, útgerðarmenn og fiskmarkaðir hljóta að vera til í að leggja eitthvað á sig til að taka út þetta fasta myndskeið úr fréttum: gaffallyftari



Almanak
Háskóla Íslands
2015
komið
í helstu
bókaverslanir
um land allt.

Fæst einnig á:
www.almanak.is

Fáanlegt í hörðum
spjöldum og kilju.

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

að „kantera“ milli kara, rétt eins og fiskurinn batni við athöfnina eins og rauðvín.

Enn er ótalið það mál sem kann að standa í mörgum: slæging um borð. Kaupendur lögðu allir höfuð áherslu á kælinguna, en slæging var þeim líka ofarlega í huga. Strandveiðarnar hafa þá sérstöðu innan fiskveiðiflotans að takmörk eru á dagsafla. Sú tala er ekki há og ef fiskerí er gott kemur það ósjaldan fyrir að menn þurfa ekki nema hluta þeirra 14 tíma sem er hámarks útivistartími. Sá galli er hinsvegar á gjöf Njarðar að meðan ekki fæst hærra verð fyrir aflan þannig frágenginn, er hvatinn öfugur: það er hagstæðara að landa honum óslægðum.

Meðan svo er hlýtur áherslan að liggja á kælingunni. Þar er hægt að gera betur og þróun undanfarinna ára bendir eindregið til þess að sú verði þróunin. Inn í kælinguna spila samt fleiri þættir sem sjómenn ráða vart við. Fiski er keyrt langar leiðir og þá sýnir dæmið sem tekið er til hér í einum „áherslukassanum“ að kæling sem var til staðar við löndun skilaði sér ekki að fullu til kaupandans. Þar var ísað yfir fisk sem var í krpa og við það hækkar hitinn.

Strandveiðimenn og útgerðarmenn dágroðrabáta hafa bókstaflega í höndum sér það einstæða tækifæri að draga á land hráefni sem gefur hæsta afurðaverð sem þekkist og geta í leiðinni bent á staðreyndir sem vega sífellt þyngra í allri umræðu um sjávarútveg og umhverfismál. Veiðarfæri þeirra valda litlum sem engum skaða og „sótspor“ handfæraveiða er það minnsta sem þekkist í vélvæddum fiskveiðum hérlendis, a.m.k.

Með því að nýta þetta tækifæri eru öll vopn úr höndum þeirra sem vilja þessa útgerð feiga.

Ker Umbúðamiðlunar eru eingöngu ætluð undir matvæli.



Umbúðamiðlun ehf.
Sími: 5556677





HRATT OG ÖRUGGLEGA YFIR HAFIÐ OG HEIM!


Lagarfoss bætist við flota Eimskipafélagsins

- Stórukinn áreiðanleiki
- Hraðskreiðara skip, sérútbúið fyrir aðstæður á Norður-Atlantshafi
- Fleiri frystitenglar fyrir ferskan og frosinn fisk
- 21% meiri afkastageta – 150 fleiri gámaeiningar
- Ísstyrkt til að mæta óvenju slæmu veðri og aðstæðum
- Umhverfissvænna á hverja gámaeiningu



EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | www.eimskip.is





Veiðar á villtum ostrum á Prince Edwards eyju. Teknar með tögum

Fiskveiðistjórnun

Kanada

„Eigandi rær“ og flotaskipting. Mikilvægir þættir kanadískra fiskveiða

Árið 1977 færði Kanada fiskveiðilögsögu sína út í 200 sjómílar í samræmi við Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt Hafréttarsáttmálanum þurfti Kanada engu að síður að nýta fiskistofnana sína eða hleypa alþjóðlegum flotum inn í lögsöguna til veiða.

Af þessari ástæðu og til að tryggja að þessar auðlindir yrðu nýttar af kanadíska flotanum, hóf kanadíska ríkisstjórnin metnaðarfulla áætlun til að þróa iðnaðarflota og vinnslugetu í landi. Hið kanadíska ráð atvinnufiskimanna (CCPFH) óttaðist strax að rétturinn til fiskveiða yrði færður iðnaðarflotanum og lóðrétt samþætting ætti sér stað í landvinnslunni.

Stefnan varðandi flotaskiptingu og „eigandi rær“

Til að bregðast við áhyggjum fiskimanna varðandi lóðrétt samþættingu þróaði kanadíska ríkisstjórnin reglur um skiptingu flotans. Þessi stefna tryggði að fiskveiðar skipa minni en 65 fet (19,8 m) að lengd var haldið aðskildum frá vinnslunni og þar með lóðrétt samþætting útilokuð. Þessi floti fiskiskipa og báta er samsettur af tveimur flokkum, annars vegar millistórum skipum, þ.e. frá 45 til 65 fetum (13,7 m-19,8 m) og hins vegar strandveiðiflota allt að 45 fetum. Megninu af skipunum í stærri flokknum er stjórnað með kvótum en strandveiðiflotanum með sóknartakmörkunum.

Engu að síður höfðu fiskimenn áhyggjur af því að kvótar stærri flokksins myndu lenda í sífellt færri höndum manna sem stunduðu ekki fisveiðar eða -vinnslu. Hvað strandveiðiflotann

áhrærði höfðu þeir áhyggjur af þeirri staðreynd að fiskveiðiréttindin voru ekki fest á báta heldur einstaklinga. Slíkt fyrirkomulag gæti gert að verkum að þeir gerðust „sófa-útgerðarmenn“ sem létu aðra um að róa bátunum. Fiskimenn töldu hvort tveggja geta haft neikvæð félags- og efnahagsleg áhrif í strandveiðisamfélögunum.

Samtökum fiskimanna tókst að fá stjórnvöld til að bæta við ákvæðum í áðurgreinda stefnu til að tryggja að flotinn undir 65 fetum héldist sjálfstæður. Þessi stefna er kölluð „eigandi rær“ (owner-operator). Stefnan tryggir að sá sem er handhafi fiskveiðiréttindanna rær sjálfur og rekur bátinn sem sitt lífsviðurværi.

Auðvitað eru reglur og ákvæði sem leyfa viðkomandi fyrirtæki að tilnefna tímabundið staðgengil, s.s. vegna veikinda, frídaga eða í þeim tilfellum þegar eigandi fellur frá. Þegar eigendur hyggjast nota þessi undantekningar-ákvæði ber þeim skylda að tilkynna það Fiskistofu (Department of Fisheries, DFO). Allar þessar undantekningar eru háðar tímatakörkunum.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst fiskimönnum aldrei að innleiða þetta fyrirkomulag á Vesturströnd Kanada. Fyrir því eru ýmsar ástæður.

Útþyning „eigandi rær“ og flotaskiptingarinnar – gat í löggjöfinni

Því miður hafa þessir þættir verið þynntir svo mikið út í gegnum árin að sjálfstæði beggja stærðarflokkanna er ógnað. Nokkrir framleiðendur sem vilja stjórna aðgangi að fiskistofnunum og fjárfestar sem vilja hagnast á þessum auðlindum án þess að stunda fiskveiðar hafa fundið gat í löggjöfinni. Aðferð þessara aðila til að fara framhjá markmiðum laganna og hafa yferráð yfir veiðileyfum er að lána þeim fé sem eru áhugasamir um að kaupa fiskveiðifyrirtæki. Þetta gera þeir undir svokölluðum „traust“-samningum. Í kynningu sinni fyrir kanadísku öldungadeildinni árið 2000, lýsti CCPFH þessu gati í lögunum svo:

„Sá sem skráður er fyrir leyfinu hefur hinn lagalega rétt til að halda því, jafnvel þótt viðkomandi eigi það ekki. Sá hinn sami hefur einnig



PIERRE VERRAULT Skrifstofustjóri Hins kanadísku ráðs atvinnufiskimanna (CCPFH – Canadian Council of Professional Fish Harvesters)

rétt til að nota leyfið. Hinir „raunverulegu hagsmunir“ eru í raun þessi réttur til að nota leyfið (þ.e. til að stunda fiskveiðar). Eignarhald leyfisins liggur ævinlega hjá Sambandskrúnunni. Þessir traust-samningar leyfa í raun að notkun og titill leyfis sé skilið að, hinir raunverulegu hagsmunir millifærðir til framleiðanda, en laga- legur titill leyfisins helst hjá fiskimanninum. Á þennan hátt eru þessir samningar ekki ólög- legir, í strangasta skilningi laganna, því titillinn á leyfinu hefur ekki verið fluttur, aðeins notkunin. Í raunveruleikanum er það notkunin sem öllu skiptir. Sá sem ræður notkun leyfisins er sá sem stýrir peningunum sem hægt er að gera úr veiðileyfinu. Samkvæmt þessum samningum (þ.e. löglegur titill í leyfinu enn fiskimannsins) getur fiskimaðurinn neyðst til, að beiðni fram- leiðanda, að biðja DFO að gefa út leyfi á nafni annars einstaklings sem framleiðandi hefur tilnefnt.“

Þrátt fyrir að þessir samningar vanvirði tilgang laganna með því að nýta sér þetta gat í löggjöfinni eru þeir löglegir og hafa verið staðfestir af dómstólum.

Áfram verður barist

CCPFH og aðildarfélag þess hafa barist fyrir því, til að tryggja sjálfstæði þessa flota, að stjórnvöld uppræti gatið í lögunum sem gerir traust-samningana mögulega ásamt því að útrýma núverandi samningum.



VESTUR-ÍSLENDINGURINN HELGI EINARSSON AÐ VEIÐUM GEGNUM ÍS Á WINNIPEGVATNI. HELGI ER STOLTUR AFKOMANDI ÍSLENSKRA VESTURFARA SEM STOFNUÐU „NÝJA ÍSLAND“ Á STRÖND WINNIPEGVATNS SEINT Á 19. ÖLD..

**Til að koma í mót við þessar áhyggjur fiskimanna gaf DFO út árið 2007 stefnu sem kallast „varðveisla sjálfstæða strandveiðiflotans í Atlantshafsveiðum Kanada.“
Markmiðin eru þessi:**

- Að áréttu mikilvægi þess að viðhalda sjálfstæðum og efnahagslega hagkvæmum strandveiðiflota;
- Að styrkja beitingu „eigandi rær“ stefnunnar og flotaskiptingar;
- Að sjá til þess að ávinningur af veiðileyfum renni til fiskimannanna og strandveiðisamfélaganna;
- Aðstoða fiskimenn til að ráða yfir þeirra fiskveiðifyrirtækjum.

Í þessari stefnu DFO felst meðal annars að fiskimenn sem háðir eru traust-samningum urðu

að gera DFO grein fyrir því og hefðu sjö ár að koma sér undan slíkum samningum. Nú eru sjö ár liðin frá því þessari stefnu var hrint í framkvæmd. Margir fiskimenn gáfu sig fram við DFO og hafa losað sig undan samningum. Hins vegar er ekki vitað hvort einhverjir slepptu því að tilkynna sig fyrir sjö árum.

Fiskimenn hafa aldrei verið sannfærðari um nauðsyn þess að tryggja sjálfstæði þessa flota til að tryggja heilbrigðar og líflegar sjávarbyggðir við nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Á sama tíma er þeim fullkunnugt að þeir eru til sem munu halda áfram að vega að sjálfstæði þeirra.

En fiskimenn munu halda áfram að berjast!

Pierre Verrault

Skrifstofustjóri CCPFH, Ottawa



BÁTADÆLUR SKELJUNGS

Þjónusta um land allt

Viðskiptakort Skeljungs virka á öllum bátadælum
Staðgreiðslu kort / - Lyklar og greiðslukort (Euro, Visa, Maestro og Electron)
virka á stjórnúmerktum dælum (*)
Frekari upplýsingar fást hjá þjónustuveri í síma 444-3100

Vestfirðir

Bildudalur Suðureyri*
Bolungarvík* Súðavík
Flateyri Tálknafjörður
Ísafjörður Þingeyri

Norðurland

Árskógsströnd Siglufjörður
Hofsós Ólafsfjörður
Húsavík Skagaströnd*
Hvammstangi

Vesturland

Ólafsvík*
Rif*



Austurland

Seyðisfjörður
Eskifjörður
Djúpivogur

Suðurland

Grindavík* Reykjavíkurhöfn Snarfari í Reykjavík*
Hafnarfjörður* Sandgerði* Vestmannaeyjar



Jens Christian Holst er norskur vísindamaður sem vann í áratugi hjá norsku Hafró

Hugmyndafræðileg byltning í nýtingu fiskistofna er óhjákvæmileg

Hann er fæddur og uppalinn í Bergen og átti sér þann draum að verða fiskimaður. Þegar menntaskólagöngunni lauk var hann búinn að fá upp í kok af skólabókunum og vildi komast á sjóinn. Reyndar starfaði hann um tíma á fiskiskipum en í gamansömum tón sagði hann að kornið sem fyllti mælinn og varð til þess að hann sneri sér að vísindunum var að þegar hann kom heim úr línuveiðiferðum voru hendurnar hans svo hrufaðar eftir sjóvinnuna að kærastan hans harðneitaði honum um að snerta hana. Að auki var hann úr bæjarfélagi þar sem enginn vina hans var sjómaður og því leið honum eins og ókunnugum þegar hann kom af sjónum.

Á þessu tímabili var hann á nóta- og línuveiðum og tvö sumur var hann skipstjóri á 50 feta makrílveiðibát á reknetum.

Þrátt fyrir að sjómennska yrði ekki lífsstarfið hans, á hann sinn eigin smábát og veiðir til eigin þarfa þorsk, krabba og ýmislegt fleira. Veiðarnar stundar hann frekar eins og atvinnumaður en sportveiðimaður.

Jens Christian hefur vakið athygli vegna skoðana sinna varðandi nýtingu fiskistofna í Norðurhöfum. Þær fara ekki saman við þær aðferðir sem ráða ríkjum við fiskveiðistjórnun á svæðinu. Margir íslenskir fiskimenn muna áreiðanlega eftir því að á síðasta ári lét hann í ljós það álit sitt að makrílstofninn væri stórlega vanmetinn og nauðsynlegt að veiða miklu meira úr honum svo ekki færi illa fyrir vistkerfinu hér í Norður-Atlantshafi.

Hann kom til Íslands í mars á síðasta ári og hélt tvo fyrirlestra um þessi mál, báða um vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða sem hann berst fyrir að verði tekin upp. Annar fyrirlesturinn fjallaði um makrílinn, síldina og kolmunnann, en hinn um laxinn.

„Þetta er allt nátengt þarna úti“ segir hann „og margir, þar á meðal ég, hafa áhyggjur vegna hins gríðarlega magns makríls sem gengur nú um allt hafsvæðið hér norðurfrá“.

Hvernig sem á því stóð hafði ekki einn einasti fjölmiðill fyrir því að gera þessari heimsókn skil, hvað þá að gera grein fyrir því hvað hann hafði fram að færa. Annar fyrirlesturinn hélt hann á aðalfundi Veiðimálastofnunar og hinn hjá Hafrannsóknastofnun. Þrátt fyrir ítarlega leit finnst ekki tangur eða tetur af því sem hann hafði fram að færa á heimasíðum þessara stofnana.

„Ég er þeirrar skoðunar að við höfum farið of varlega og byggt upp allt of stóra uppsjávarstofna að teknu tilliti til frumframleiðslugetu svæðisins. Algengasta ástandið víðast í heiminum er ofveiði og auðvitað eigum við að reyna að forðast það. Í tilraunum okkar til að ná því markmiði höfum við gerst allt of „klár“ og varkár. Pendúllinn hefur sveiflast of langt og nú sitjum við uppi með vanveiði. Í mínum huga er það jafnvel alvarlegra en hitt, því hún hefur miklu meiri áhrif á vistkerfið, alla leið niður úr.“

Viltu fara í stórum dráttum yfir þá sýn sem þú hefur á meintu hlýnandi veðurfari og hugsanlegum sveiflum eða breytingum vistkerfisins því tengdu.

Vísindin á þessum sviðum eru mjög flókin og erfið, ekki síst í því tilliti að spá fyrir um þróun mála. Það er því hægt að skjóta sér á bak við óvissu þar til afleiðingarnar verða yfirþyrmandi, eða taka hinn kostinn og bregðast við af hræðslu. Ég tel mig vera raunsæismann varðandi loftslagsbreytingar. Í dag er maðurinn að nota og breyta stærri og stærri hluta af jörðinni okkar. Við verðum að reyna að stöðva þessa þróun og helst snúa henni við sem fyrst..

Hvað orkumálin varðar lítur sólarorkan mest sannfærandi út. Þurfum við að setja fleiri ár

í pípur og þurfum við að teppaleggja fjöll og fiskimið með vindmyllum þegar öll núverandi húsbök í heiminum geta verið komin með sífellt ódýrari sólarrafhlöður? Sólin er í boði hvar sem er. Tækniþróunin í dag bendir til að sólarorkan geti leyst jarðefnaeldsneyti af hólmi innan ekki mjög langs tíma, ef við höfum viljan til þess arna. Við þurfum djarfa stjórnámamenn sem vilja breyta málum. Í Noregi voru stjórnámamenn nógu hugrakkir til að taka upp rafmagnsbíla og áhrifin verða mjög sýnileg eftir nokkur ár.

Hitastigið í umhverfi okkar er breytilegt og sveiflast á mismunandi tímalengdum. Mikið af



JENS CHRISTIAN HOLST ákvað að hætta hjá norsku Hafró og starfar sjálfstætt í dag

þessum sveiflum tengjast „töktum“ í sólinni og ýmsum breytum, s.s. möndulhalla jarðar, fjarlægð frá sól, skýjakápunni o.fl. Hvað okkar svæði varðar er mest áberandi u.þ.b. 60 ára hitasveifla sem kallast „Atlantic Multidecadal Oscillation“ (AMO) (Atlantshafs-áratuga-sveiflan þúð. AB).

Hana er hægt að rekja langt aftur, t.d. í áhringjum trjáa á landi og kóröllum og seti í sjónum. Ég lít á hitastig eins og hljómsveitarstjóra vistkerfisins og AMO sem grunntaktinn á svæðinu okkar. Þetta þúðir að margir líffræðiferlar allt niður lífkeðjuna hafa aðlagast þessum takti í gegnum náttúrulegt val. Síðasta lægðin í þessari hitasveiflu var um 1970 og síðasti toppurinn um 2007-2008.



MAKRÍLL. VÍSBENDINGAR ERU UM AÐ MAKRÍLSTOFNINN SÉ ÞESSI MISSERIN ALLT AÐ 12-17 MILLJÓNIR TONNA. Á SÍÐASTA ÁRI VAR HONUM STJÓRNAÐ SAMKVÆMT ÞVÍ AÐ HANN VÆRI 3 MILLJÓNIR TONNA.

Í kjölfar síðustu lægðar hóf Noregshaf að hlýna og þróunin var sérlega hröð frá 1995 og náði hámarki 2007-2008.

Síðan þá hefur hitinn fallið og er núna u.þ.b. „eðlilegur“, miðað við mælingar á síðasta ári. Ef við lítum til framtíðar í ljósi 60 ára sveiflunnar er hægt að reikna með að við séum komin inn í tímabil kólnunar sem standa mun næstu 25 árin. Sé hlýnun af mannavöldum er eðlilegt að búast við því að næsti botn verði hærri en sá síðasti á sjötta áratugnum sem og að næsti toppur verði hærri en sá frá árinu 2008.

Getur maðurinn gripið til aðgerða sem hefðu áhrif á þessar sveiflur?

Ég tel að við getum gripið til aðgerða sem gætu dregið úr hugsanlegri hlýnun af manna völdum en það er fráleitt að halda að þessar sveiflur stöðvist, fyrir utan það að við myndum alls ekki vilja það. Lítum á aðrar náttúrulegrar sveiflur, flóð og fjöru, dag og nótt – enginn vill stoppa þær, enda undirstaða lífsins, frumforsendur þess.

Fiskistofnarnir bregðast við AMO sveiflunni?

Um 1995 sáum við hraða hlýnun í Noregshafi sem stöðvaðist um 2007, samhliða hámarki hitasveiflunnar. Þessi mikla hlýnun var mjög hagstæð fyrir kolmunna, síld og makríl. Þessir stofnar byrjuðu að stækka á gríðarlegum hraða og uxu á skömmum tíma langt umfram það sem vistkerfið gat og getur brauðfætt. Við því brugðust stofnarnir með því að bera sig sífellt lengra eftir fæðunni. En sé svokallaður „umhverfishiti“ skoðaður á göngu- og fæðu-slóðinni yfir sumarið sést að hann hefur verið að falla hin síðari ár.

Á þessu tímabili hef ég séð ýmsar rannsóknastofnanir halda því fram að þessar göngur til norðurs tengjast loftslagsbreytingum. Mér finnst þetta of einföld skýring. Að mínu mati er eðlilegt að AMO-takturinn spili hér hlutverk ásamt fæðuskorti og hugsanlega minni háttar hlýnun af manna völdum. Tvo fyrstu þættina er auðvelt að skoða en sá þriðji mun flóknari. Vandamálið er að AMO takturinn og fæðuskorturinn eru ekki mjög „sexý“ innan vísindanna í dag. Hin opinbera dagskrá snýst að mestu um loftslagsbreytingar. Þær eru

vissulega mikilvægar en vísindin munu standa frammi fyrir stórum kennslufræðilegum áskorunum þegar við erum nú sennilega að fara inn í 25 ára kólnunartímabil.

Þegar fiskistofnar eru litlir sjást áhrif „eins stofns móðels“ eins og notast við í dag lítið, eru vart sýnileg, en í nýliðunarsprengingu uppsjávarstofnana sem síðasta AMO uppsveiflan framkallaði er augljósara en nokkru sinni að vistkerfisstjórnun er algerlega nauðsynleg.

Eins stofns módel dagsins í dag metur hvern stofn fyrir sig, óháð því umhverfi sem hann lifir í og alveg sérstaklega óháð framleiðslugetu vistkerfisins. Í slíku módeli hefur það aldrei verið þáttur hversu mikla fæðu þarf til að halda uppi mjög stórum stofnum makrils, síldar og kolmunna. Til viðbótar við eins stofns módelið höfum við samþykkt varúðarnálgun á flestum sviðum stjórnunar náttúruauðlinda, en sú regla þýðir að fjarlægja skuli sem mest af óvissuþáttum við nýtingu. Með mjög svo ónákvæmum aðferðum sem beitt er við hafrannsóknir hefur það skilað sér í allt of lágum kvótum, nú til margra ára. Við höfum þar af leiðandi verið að safna stórrí vistfræðilegri skuld sem við erum að borga til baka núna og til margra komandi ára.

Í hinu tilfellinu, þar sem beitt yrði vistkerfisstjórnun, yrðu allir stofnarnir meðhöndlaðir sem heild í beinu samhengi við framleiðslugetu vistkerfisins á fæðu.


Síðan myndum við byrja að fylgjast með einföldum vísbendingum s.s. vexti einstaklinga úr ýmsum fiskistofnum til að sjá hversu vel okkur gengi fiskveiðistjórnunin, frekar en heildarstærð stofnanna. Afkoma sjóflugla og stærð laxagangna gætu einnig verið góðar vísbendingar við slíka stjórnun. Sem ég velti þessu fyrir mér, þá yrði kannski besta vísbendingin meðalbrosið á fiskimönnunum næstu 60 árin!

Ef þú tekur einfalda samlíkingu, þá er hægt að draga upp mynd af bónda með kindur og kúr, sem ákveður að loka bústofninn innan girðingar og ákveður að stjórna búinu úr eldhúsinu með gluggatjöldin dregin fyrir, þannig að hann þurfi ekki að hafa ama af því að fylgjast með grasprettunni ár frá ári. Hann tilkynnir í kjölfarið


að hann ætli sér að verða stærsti bóndinn í dalnum með því, ólíkt föður sínum, að fara mjög varlega í að slátra úr bústofninum og alls ekki gera eins og forfeður hans síðustu 1000 árin sem slátruðu alltaf í samræmi við afrakstursgetu akranna, reyndar með ágætis árangri.

Á þurru landi sér hver maður hversu fráleitt slíkt athæfi væri, þetta þarf ekki að útskýra fyrir flestum Íslendingum.


Þegar málið snýr að hafinu er þetta ekki jafn augljóst. Þrátt fyrir að við höfum stöðugt betri tæki og aðferðir til að mæla fiskistofna, svif og hitastig, erum við ennþá meira en hálfblind á það hvað er í gangi þarna niðri. Kerfið í hafinu er risastórt og í samanburði við þurrlendið með auka vídd. Vistkerfið er líka mun flóknara og þar eru í gangi miklar og öflugar langtíma-sveiflur. Að mínu viti er mikilvægt að við viðurkennum að það er erfitt að ná meira en örmynd af því sem er að gerast, að ekki sé minnst á mikilvægi hinna ýmsu ferla í vistkerfinu.



OFBEIT. FÆÐUSTREYMIÐ FRÁ SVIFINU ER NÁNAST ROFIÐ. UPPSJÁVARSTOFNAR DEYJA VEGNA FÆÐUSKORTS. FUGLAR OG HVALIR FLYTJA Á NÝ SVÆÐI. ÞEIR SEM GETA FORÐAÐ SÉR GERA ÞAÐ, HINIR SVELTA..



EDLILEGT VISTKERFI. ÖLL ÁHERSLA ÆTTI AÐ LIGGJA Á ÞVÍ AÐ ÞRÓA AÐFERÐIR OG GETU TIL AÐ LEIÐBEINA VIÐ UPPBYGGINGU PÝRAMÍDALAGAÐS VISTKERFIS.



LJÓSAÞA. HLUTVERK SVIFDÝRANNA ER EKKERT Í SAMRÆMI VIÐ STÆRÐINA Á ÞEIM. ÞÚSUNDIR MILLJARÐA ÞESSARA SMÁDÝRA ERU UNDIRSTAÐAN Í FÆÐUÓFLUN FJÖLDA DÝRA- OG FISKITEGUNDA, BÆÐI Í FERSKU OG SÖLTU VATNI.

Það skiptir engu hversu öflugar tölvur og snjöll forrit við ráðum yfir, þá náum við ekki að „módelá“ okkur út úr núverandi stöðu, án mun meiri skilnings á vistkerfinu og sérstaklega á afkastagetu þess hvað varðar frumframleiðsluna, svifið.

Einhvers staðar á leiðinni yfirtóku módelismið-irnin megnið af þessum vísindum og gleymdu að mestu vistfræðinni. Versta dæmið þessu til sönnunar er notkun fasta varðandi náttúrulegan dánarstuðul í einu aðal módelinu sem notað er við fiskveiðistjórnun í dag, VPA greiningu (Virtual Population Analysis – aldursafلاغreining).

Íslenskir fiskimenn hafa í gegnum tíðina gagnrýnt þær aðferðir sem notaðar hafa verið við stofnstærðarmælingar. Hvað með þær aðferðir sem eru notaðar til mælinga á uppsjávarstofnunum?

Ég tel mikla möguleika á umbótum á mæliaðferðunum en það mun krefjast aukinnar áherslu á þróun aðferðafræði sem beintengist vistkerfisstjórnun og - nálgun við rannsóknir og stjórnun þeirra. Það eru einnig miklir möguleikar á að innleiða nýjar aðferðir og leggja þær gömlu til hvílu. Því miður eru vísindin ekki með hinn nauðsynlega fókus á því að endurnýja rannsóknaraðferðir, þau eru einfaldlega of íhaldssöm.

Af þessum sökum er stofnum oft stjórnað með gamaldags og ófullnægjandi aðferðum.

Makrillinn er líklega besta dæmið um það hversu langt er hægt að komast frá raunveruleikanum. Á síðasta ári var stofninn stjórnað samkvæmt áætlun um að hann væri 3 milljónir tonna en á sama tíma voru sterkar vísbendingar frá rafrænni merkingartilraun sem hófst fyrir nokkrum árum um að stofninn væri á bilinu 12-17 milljónir tonna. Alþjóðlegt júlí-ágúst könnunarrall benti til að hann væri um 8-9 milljónir tonna þrátt fyrir að stofninn væri hvorki mældur að fullu, lárétt eða lóðrétt. Til allrar hamingju hækkaði ICES viðmið sitt verulega sl. vor en lækkaði matið svo aftur í haust sem kom mjög á óvart.

Ofan í það að nota ranga grundvallar- aðferð við stjórnunina og ófullnægjandi rannsóknaraðferðir held ég að skortur á auðmýkt í vísindasamfélaginu sé þriðja helsta vandamálið. Eftir að ég hætti á Hafrannsóknastofnuninni í Bergen áttaði ég mig á því að ég lifði þar inn í bólu. Til allrar hamingju var ég í miklum beinum samskiptum við sjómenn og aðra „þarna úti“ en inn í bólunni er auðvelt að fá á tilfinninguna að þú sért skipstjórinn í brúnni og að engin á dekkinu geti kennt þér eitt eða neitt.

Reynslan mín í dag er enn lengra í hina áttina, þ.e. að hlusta á sjómenn. Í framtíðinni vona ég að þetta geti orðið að rúttinu varðandi framkvæmd rannsókna. Með þetta í huga, hef



Ástríða í matargerð

HEIMILISMATUR PRÓFAÐU NÝJA HEIMILISMATINN FRÁ ORA

FLJÓTLEGUR, ÞÆGILEGUR OG BRAGÐGÓÐUR.
AÐVELT ER AÐ HITA UPP Í ÖRBYLGJUOFNI, POTTI EÐA OFNI.



KITLAÐU BRAGÐLAUKANA OG FÁÐU ÞÉRLJÚFFENGAN HEIMILISMAT FRÁ ORA Í NÆSTU VERSLUN

WWW.ORA.IS



ég lagt sífellt meiri áherslu á nauðsyn þess að sýna auðmýkt. Ég sjálfur var ekki mjög auðmjúkur í mörg ár en ég lærði „erfiðu leiðina“.

Hvernig stendur á þessu?

Séu vísindin skoðuð, þá er um tvær aðferðir að ræða. Annars vegar aðferð sem byggir á mældu magni, þ.e. farið er á miðin, sýni tekin og mæld, sónarinn notaður o.s.frv. Síðan er tölunum slegið inn í tölvu og forrit sem reiknar úr stofnstærðina. Afskaplega einfalt. Þetta er sú aðferð sem tíðkast við fiskveiðistjórnun í dag.

Hins vegar er aðferð sem kallast eigindlegar rannsóknir sem eru mikið notaðar í t.d. félagsvísindum. (Orðskýring: eigindleg rannsókn: rannsókn sem byggir á einstaklingsviðtölum). Hún byggir á því að farið er út á akurinn og



HEFÐBUNDNAR RANNSÓKNIR. Þær verða stundaðar áfram og togróll verða þar fyrirferðarmikil.

viðtöl tekin við þá sem hafa sína sérþekkingu á þeim málum sem um er rætt.

Þessi aðferð er góð þegar skoða þarf nýjar tilgátur sem geta kviknað vegna utanaðkomandi ábendinga, utan meginrannsókna, svæða eða tímabila. Gott dæmi um þetta var þegar skipstjórar á karfatogara sem var að veiðum í Irminger hafinu (Grænlandshafi) fann þar makríl fyrir 3-4 árum. Þessar upplýsingar bentu eindregið til að makrill væri utan svæðisins sem rannsóknarallið í júlí-ágúst náði til og í fram-

haldinu gæti orðið um vanmat á stofninum að ræða. Þegar skipstjórar á rannsóknartogurunum sögðu að mikið af makríl hefði sloppið undir trollið á 25 metra dýpi var líka um eigindlega athugun eða tilgátu að ræða sem verður að sannreyna til að auka nákvæmni hinna magnbundnu rannsókna.

Það sem ég er að gera í mínum rannsóknum er að blanda þessum aðferðum saman. Þannig tala ég við fjöldan allan af einstaklingum og fiskimönnum, sumir þeirra hafa stundað fiskveiðar í sama firðinum í 50 ár og ég bið þá að bera reynslu sína frá því áður fyrr saman við núverandi ástand. Því næst tala ég við aðra sem hafa reynslu af sama tímabili og sama svæði til að gera samanburð og fá trúverðuga nálgun. Þessi aðferð gefur mun dýpri og fyllri mynd af þróun mála og er nauðsynleg við beitingu vistkerfisstjórnunar. Vísindamenn sem stunda magnbundnar rannsóknir vísa iðulega til slíka ábendinga sem „óstaðfestra upplýsinga“ sem er orðalag sem ég er algerlega ósammála.

Skoðum dæmið með karfaskipstjórana: Hefðir þú talað við þrjá sjálfstæða karfaskipstjóra að veiðum í Irminger hafinu fyrir tveimur árum og þeir sagt frá makríl á svæðinu væri það mjög góður grunnur til að setja fram nýja tilgátu, **T1: Það er makrill í Irminger hafinu**, sem þá skorar á hólmi gömlu tilgátuna **T0: Það er ekki makrill í Irminger hafinu**. Nýja tilgátan gefur vísbendingar sem hefðu áhrif á skipulagningu hins alþjóðlega makríl-ralls, ef hún er tekin gild. Í sumar gerðist það að íslenska rannsóknarskipið sem var við makríl rannsóknir í Irminger hafinu fann makríl alla leið að suðurodda Grænlands. Þannig staðfestu magntengdar rannsóknir T1 tilgátuna sem var byggð á eigindlegri aðferð og T0 tilgátunni var hafnað.

Í framtíðinni verða slík gögn að fá stærra og markvissara hlutverk við hafrannsóknir og fiskveiðistjórnun. Við þurfum að þróa leiðir til að safna slíkum gögnum markvisst og gera þau aðgengileg fyrir vísindamenn. Ég er sannfærður um að hafrannsóknir og -vísindi geta lært mikið af öðrum vísindagreinum sem nota eigindlegar og sameinaðar aðferðir í miklum mæli nú þegar.



FUGLAR jafnt sem önnur dýr láðs og lagar falla undir rannsóknir vistkerfisstjórnunar

Vísindamenn munu halda áfram að nota hefðbundnar magnmælingar í framtíðinni. Því þurfum við að innleiða þessar aðferðir og við þurfum að hugsa hratt að mínu mati. Þekking sjómanna verður að öðlast miklu meira vægi en hún hefur í dag. Ég er viss um að þetta ferli er mikilvægt, ekki aðeins til að ná meiri nákvæmni og árangri stjórnenda, heldur líka til að byggja upp meira traust og betri tengsl milli sjómanna og vísindamanna. Í dag er þetta samband ekki mjög gott og fiskveiðistjórnun í Norð-austur Atlantshafi er almennt ekki hátt skrifuð meðal fiskimanna.

Reynsla fiskimanna sýnir einnig að vistkerfið hefur breyst gríðarlega. Ein aðal breytingin er að margir stofnar stærstu afræningjanna, svo sem hvalir, hákarlar og túnfisktegundir hafa úmíst horfið eða eru afar litlir í dag. Þegar ég skoða veiðitölur t.d. hvalveiðiflotans á 19. öld, hvort heldur hversu mikið þeir gátu veitt hvern dag eða á einni vertíð og ber saman við það sem ég sjálfur varð vitni að í talningaleiðöngnum, þá er augljóst hversu lítið er af þeim í dag.


Þetta er t.d. aðferð sem gefur möguleika á að bera saman veiðitölur frá fyrri tíð saman við hvað hugsanlega væri hægt að veiða í dag. Og hvers vegna er þetta mikilvægt? Jú, lítum t.d. til þess þegar síldarstofninn hrundi á sjöunda

áratugnum. Þá voru mænuviðbrögð vísindanna þau að þetta mætti aldrei gerast aftur. Settar voru allskyns gríðarlega strangar veiðireglur og bönn og allt gekk þetta ágætlega í langan tíma. Á sama tíma höfðum við fjarlægt afræningja efst úr fæðukeðjunni, sem höfðu, eftir því sem ég best fæ séð, gegnt hlutverki öryggisventla varðandi uppsjávarstofnana sem í þessu vistkerfi er suðupottarnir. Þetta er ein ástæða þess að uppsjávarstofnarnir gátu margfaldast á ótrúlega stuttum tíma eftir 1995, við þær kjöraðstæður sem þá sköpuðust.

Í mínum huga hefðu fiskimenn átt að taka við hlutverki þessara afræningja á þessu tímabili og halda stofnunum innan þeirra marka að ekki kæmi til ofbeitar. Þetta er tilgáta sem er mjög mikilvægt að prófa því hún gæti leitt til þess að upprunalegu tilgátunni verði hafnað og hefði því mikil áhrif á stjórnun í framtíðinni. Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að hvetja sjómenn eindregið til að krefjast þess að tilgátur þeirra séu sannreyndar með viðeigandi rannsóknum.

Hvað með síldina?

Hin síðari ár hafa mælingar sýnt mjög neikvæða þróun síldarstofnsins. Síðasti vaxtartoppurinn var 2009 en eftir það sýna þær gríðarlegt fall, tvisvar til þrisvar sinnum hraðara en fallið í



AMO HITASVEIFLAN FRÁ 1856 TIL NÚTÍMANS.

Sveiflan tekur um 60 ár. Síðasti toppur var 2007/2008. Hugsanlega munu sjást hærrí toppar og hærrí lægðir í framtíðinni, en nú má búast við u.þ.b. 25 ára kólnunarskeiði.

síldarhruninu á síðustu öld. Ég tel að hluti skýringarinnar sé léleg nýliðun eftir 2004, en einnig aukin náttúruleg dánartíðni vegna fæðu-skorts.

Að auki kemur til að rannsóknarleiðangurinn í maí vanmetur stærð stofnsins vegna breytinga í hegðun síldarinnar varðandi vesturgöngur hennar að lokinni hrygningu. Þetta vanmat er til komið vegna þess að eftir 2010 hefur hluti stærstu síldarinnar ekki haft nægilegt æti til að halda í sína eðlislægu vesturgöngu og þess í stað haldið sér dreifðri nálægt hrygningarstöðvunum við Noregsstrendur og ekki mælst í leiðöngrum. Síðar á tímabilinu fer hún svo að éta. Þetta veldur því að marktækni rannsóknarleiðangra hefur minnkað hin síðari ár og tölurnar ekki samanburðarhæfar við tölur fyrri ára. Þannig verða vísindamenn lítið varir við síld í maí-leiðangrinum en fiskimennirnir sjá mikið af henni á hrygningartímanum. Enn og aftur er um að ræða nýja tilgátu sem þarf að sannprófa með vönduðum vísindalegum aðferðum en ekki sópa undir teppið sem einhverjum getgátum.

Af orðum þínum má draga þá ályktun að breytingar hljóti að vera framundan?

Ég tel að við stöndum á hugmyndafræðilegum tímamótum og er sannfærður um nauðsyn þess að taka upp vistkerfisstjórnun veiðanna hið snarasta. ICES (Alþjóða hafrannsóknaráðilið) hefur talað um þetta árum saman, en hefur ekki enn áttað sig á því hvernig innleiða eigi slíkt fyrirkomulag.

Nú eru vinnuhópar frá ICES í Eystrasalti, Norðursjó og Noregshafi að takast á við þessi mál en miðað við vandamálin sem blasa við í Noregshafi er fjármagnið sem sett er í þessa vinnu langt frá því að duga til að stuðla að nauðsynlegum framförum.

Þú ert í sambandi við veiðimenn á stóru svæði. Viltu lýsa því stuttlega?

Ég tel nauðsynlegt að fiskimenn starfi saman á sem breiðustum vettvangi, ekki bara í Noregi. Ég hef talað við aðila í Hollandi og Danmörku og mér er kunnugt um áhuga fyrir breytingum hvað þessa stjórnunarhætti varðar á Íslandi og í Færeyjum. Ég held að eina leiðin sem er fær að því markmiði að breyta aðferðafræðinni, sé að fiskimenn á öllu þessu svæði sameini kräfte sína og krefjist þess að sjónarmið þeirra séu virt og metin. Staðan í dag er sú að þegar þeir eru uppi með slíkar kröfur er þeim snarlega útt á hliðarlínuna.

Þetta er talvert metnaðarfullt markmið...

Það er langt frá því að vera einfalt mál að setja í framkvæmd vistkerfisstjórnun og ég er ekki með svörin á reiðum höndum. Ég er einungis að leggja megin áherslu á að í dag er lítið verið að gera en mikið talað af fallegum orðum.

Til að innleiða vistkerfisstjórnun þarf mikla fjármuni, fjölmarga sérfræðinga og mikið af starfsfólki. Síðan þarf að setja skýrt markmið sem allir verða að einbeita sér að. Ég hef stundum notað „American/Manhattan“ verkefnið sem dæmi um hvernig fara eigi að þessu, þó það sé ekki beint skemmtilegt til samanburðar því það miðaði að því að smíða kjarnorkusprengruna. En markmiðið náðist – hversu geðslegt sem það var.

Ég veit frá fyrstu hendi að við höfum fólk með hæfileika til að leggja grunninn að vistkerfisstjórnun við fiskveiðarnar, sérstaklega meðal yngri kynslóðanna. Því miður þá er fókusinn mjög lítill í þessa átt, en þarna er svið sem fiskimenn verða að krefjast aðgerða sem leiða til árangurs.



BEITING VISTKERFISNÁLGUNAR VIÐ FISKVEIÐISTJÓRNUN GETUR ÞÝTT AÐ STUNDUM ÞARF AÐ VEIÐA MIKIÐ AF SMÁUM FISKI

Hvernig telur þú að fara hefði átt í makrílveiðarnar á síðasta sumri?

Ég hefði lagt til að við byrjuðum á að veiða fimm milljónir tonna. Varðandi markaðinn, þá hefðum við neyðst til að framleiða mikið af mjöli og lýsi og halda neytendamarkaðnum í kringum eina milljón tonna með alþjóðlegri samvinnu.

Síðan færum við í að leita ummerkja þess að beitaralagið hefði minnkað, t.d. með magnmælingum á svifi, skoða viðgang makrilsins varðandi lengd og þyngd, afkomu sjófugla, en það eru t.d. þeir sem gjalda stórlega fyrir það hversu mikið svifið hefur látið á sjá, vegna ofbeitar.

Er einhver von til að þetta breytist?

Ég held að það sé langur vegur framundan. Vegna þess hve misjafn hlutur þjóðanna er í hinum ýmsu uppsjávarstofnum er erfitt að fá þá til að vinna saman. Þannig er gott fyrir ESB að hafa stóran makrílstofn, en betra fyrir Noreg að hafa stóran síldarstofn.

Þetta er sorglega algeng afstaða meðal fiskimanna. Þeir eyða orku sinni í innri átök fyrir smávægilegar breytingar á kvótum hér og þar, í stað þess að taka höndum saman til að knúja fram alhliða og árangursríkar aðferðir til sameiginlegs ávinnings. Það kann að vera

barnalegt, en ég tel að það væri hægt að fá miklu meira út úr þessum fiskistofnum með því að hugsa hið alþjóðlega stjórnunarkerfi algjörlega upp á nýtt.

Hvað með smáfiskavernd? Telur þú hana gegna því hlutverki sem henni er ætlað?

Eftir að við fjarlægðum mikið af afræningjunum efst úr fæðukeðjunni verðum við að taka við hlutverki þeirra í náttúrunni, sérstaklega þegar stofnar eru stórir. Þetta getur þýtt að við verðum að veiða mikið magn af smáum fiski eins og þessir afræningar gerðu. Því tel ég að í framtíðinni þegar farið verður að nálgast þessi mál eins og ég hef hér lýst, munum við af og til, viljandi, veiða mikið af smáfiski til að koma í veg fyrir „sprengingar“.

Hver er þín skoðun á hinum eilífu deilum varðandi notkun veiðarfæra, sérstaklega milli þeirra kyrrstæðu og hinna dreginna?

Ég held að það er pláss fyrir þau öll og þurfum raunar á þeim að halda vegna þess hve fiskimiðin eru ólík. Ég er almennt þeirrar skoðunar að fjölbreytni sé til góðs.

Lög um veiðigjöld standast ekki

Inngangur

Í 1. gr. laga 74/2012 um veiðigjöld er sagt að þau taki til veiðigjalda, almenns veiðigjalds og sérstaks veiðigjalds, sem lögð séu á aflamark, aðrar úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla,



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands

fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða eða öðrum lögum sem við geti átt. Eru gjöldin í 2. gr. sögð vera lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapi.

Af lögunum er ljóst að þau mæla fyrir um almenna tekjuöflun ríkisins með skattlagningu á þá sem stunda atvinnu í sjávarútvegi, þó að einnig sé nefndur til sögunnar sá tilgangur að mæta kostnaði ríkisins af stjórnun fiskveiða. Önnur sjónarmið geta átt við um þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í slíkum kostnaði en gilda um almenna skattlagningu á atvinnugreinina. Verður hér á eftir miðað við að um sé að ræða almenna skattlagningu, enda sýnist ljóst að megintilgangur þessara laga er að mæla fyrir um hana svo sem raunar er tekið fram berum orðum í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna og nánar verður vikið að hér á eftir.

I

Fyrir u.þ.b. þremur áratugum voru lögleiddar á Íslandi takmarkanir á heimildir manna til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilögsögu landsins. Varð þá til svonefnt kvótakerfi sem í grunninn gerði ráð fyrir að skip sem fiskveiðar stunduðu fengju úthlutað heimild til að veiða tiltekið magn ákvæðinna tegunda eða hlutdeild í heildarafla þeirra. Voru settar reglur um viðmiðanir sem skyldu ráða við úthlutun heimildanna. Skipti veiðireynsla skipa frá undanfarandi árum þar mestu. Skyldi hlutdeild haldast óbreytt milli ára og var tekið fram að heimilt væri að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti.

Í 2. hefti Úlfljóts 1995 birtist í dálkinum „Rökstólar“ stutt grein eftir mig þar sem leitast var við að svara spurningum varðandi réttarlega stöðu aflaheimilda sem úthlutað hafði verið til skipa samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að aflahlutdeild sem úthlutað hefði verið á grundvelli laganna teldist uppfylla öll skilyrði fyrir því að njóta verndar eignarnámsákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar (nú 72. gr.). Um væri að ræða réttindi sem hefðu fjárhagslegt gildi í höndum tiltekinna manna, enda gengju þau kaupum og sölum. Ef þessi réttindi yrðu ekki talin njóta verndar væri niðurstaðan sú að stjórnvöld gætu tekið þau bótalaust af rétt höfum að vild og fengið þau öðrum. Þau réttaröryggissjónarmið sem hvíldu að baki stjórnarskrárvernd eignarréttinda væru því öll til staðar við mat á réttarlegri stöðu aflahlutdeildarinnar að þessu leyti. Í greininni var svo vikið að ákvæði sem var að finna í 3. ml. 1. gr. laga nr. 38/1990 þar sem sagði að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndaði ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Ákvæði með sama efni er nú að finna í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Var komist að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði stæði fyrrgreindum sjónarmiðum ekki í vegi. Í því fælist aðeins að menn yrðu að sæta því bótalaust að takmarkanir á heimildum til veiða yrðu felldar niður og þá tekin upp sama skipan og áður hefði gilt.

II

Fram að gildistöku laga nr. 74/2012 um veiðigjöld höfðu veiðigjöld verið lögð á veiðiheimildir samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Kváðu lögin meðal annars

á um að veiðigjald komandi fiskveiðiárs skyldi reiknað sem 9,5% af aflaverðmætinu að frádregnum kostnaðarliðum sem löggin nefndu. Gjaldendur voru eigendur skipa og skyldu þeir greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda. Reglugerðir voru settar á grundvelli laganna, sjá síðast reglugerð nr. 709/2011 um veiðigjald og þorskígildi fiskveiðiárið 2011/2012. Samkvæmt henni skyldu eigendur skipa greiða 9,46 kr. fyrir hvert þorskígildiskíló úthlutaðra veiðiheimilda.

Með lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld er kveðið á um álagningu tvenns konar veiðigjalds, almenns veiðigjalds og sérstaks veiðigjalds. Almenna gjaldið er í 8. gr. laganna ákveðið í krónutölu, 9,50 kr. á hvert þorskígildiskíló. Má segja að þessi gjaldtaka sé sambærileg við þá sem fyrir var. Sérstaka veiðigjaldið er hins vegar nýtt. Verður vikið nánar að því hér síðar. Í veiðigjöldunum felst almenn gjaldtaka sem er alveg sérstök fyrir þessa atvinnugrein og kemur í viðbót við almenna skatta sem lagðir eru á fyrirtæki í sjávarútvegi eftir sömu reglum og gilda um annan atvinnurekstur í landinu. Af lögumum sjálfum og athugasemdum sem fylgdu frumvarpi að þeim er ljóst að hugmyndin að baki þessari gjaldtöku er sú að hér séu gjaldendur að nýta í atvinnurekstri sínum auðlind sem þeir eigi ekki heldur þjóðin í heild og sé því réttmætt að láta þá greiða í ríkissjóð afgjald fyrir nýtinguna. Svo sem fyrr segir er gjaldinu skipt í tvo flokka. Almenna veiðigjaldið er eins og fyrr sagði sambærilegt við það sem gildi fyrir, þó að lagaákvæðin um gjaldið séu ekki hin sömu og þá. Hins vegar er lagt á sérstakt veiðigjald, sbr. 9. gr. Grundvöllur þess er svonefnd renta en hún er í 3. gr. laganna skilgreind sem „arður sem myndast í atvinnustarfsemi sem byggist á nýtingu náttúruauðlinda umfram rekstrarkostnað og ávöxtun þess fjár sem bundið er í starfsemi sem eðlileg er talin með tilliti til þeirrar áhættu sem í henni felst“. Sérstaka veiðigjaldið er samkvæmt 9. gr. laganna „skilgreint í krónum á hvert þorskígildiskíló eftir veiðiflokkum, þ.e. botnfiskveiðum og uppsjávarveiðum“. Skal gjaldið vera 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu, eins og stofninn er skilgreindur í 10. gr. að frádregnu hinu almenna veiðigjaldi. Í nefndri 10. gr. er kveðið á um að stofn þessi skuli vera samtala reiknaðrar rentu á hvert þorskígildiskíló, annars vegar í fiskveiðum og hins vegar í fiskvinnslu. Er rentan reiknuð sérstaklega annars vegar fyrir veiðar og vinnslu botnfisks og hins vegar fyrir veiðar og vinnslu uppsjávarfisks. Rentunni er svo jafnað á aflaheimildir í uppsjávarveiðum og botnfiskveiðum. Samkvæmt 11. gr. laganna er „reiknuð renta“ byggð á söluverðmæti afla eða afurða að frádregnum nánar tilgreindum rekstrarkostnaði og ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna. Þessir útreikningar skulu vera byggðir

á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Allar eru þessar reglur fremur flóknaðar og erfiðar í meðförum. Ljóst er samt að búin er til aðferð til að verðmeta aflaheimildir í heild út frá afrakstursgetu þeirra („rentu“) og tiltekið hátt hlutfall (65%) verðmatsins lagt sem skattur eða endurgjald á þá sem aflaheimilda njóta án þess þó að athugað sé hvern afrakstur einstakir gjaldendur hafi haft sérstaklega í sínum rekstri. Er þannig smíðaðir tveir gjaldflokkar, annar fyrir uppsjávarveiðar en hinn fyrir botnfiskveiðar.

III

Með nokkurri einföldun má lýsa þróun laga-reglna um fiskveiðar í sjó við Ísland gegnum tíðina þannig að fyrst hafi þeir sem vildu getað keypt sér skip og hafið veiðar á þeim. Þegar sú staða kom upp að takmarka þurfti sóknina í fiskstofnana vegna hættu á ofveiði þeirra var ákveðið að þeir sem stundað hefðu veiðarnar skyldu fá úthlutað til sín heimildunum til veiða. Var sjálfsagt ekki unnt að hafa þar annan hátt á því það hefði vitaskuld kippt fótunum undan fjárfestingum þeirra og atvinnu ef þeim hefði allt í einu verið meinað að nýta fiskstofnana sem verið höfðu undirstaðan í atvinnurekstri þeirra. Við þessar kerfisbreytingar fengu hinar úthlutaðu veiðiheimildir sjálfstætt fjárverðmæti í höndum þeirra sem fengu þeim úthlutað til sín. Sérstaklega var tekið fram að heimilt væri að framselja aflahlutdeildir. Gengu þær því kaupum og sölum milli útgerðarmanna.

Meðal íslensku þjóðarinnar hafa um langt árabil verið uppi sjónarmið um að ranglátt væri, gagnvart þeim Íslendingum sem ekki stunda fiskveiðar, að útgerðarmenn einir skyldu hljóta réttinn til að veiða og fá þannig í hendur fjárverðmæti sem menn töldu þá að tilheyrði þjóðinni allri. Aðrir hafa bent á að þessar aðgerðir hafi í sjálfum sér ekki skert nein verðmæti í höndum þeirra sem ekki stunduðu fiskveiðar þegar kerfið varð til. Fiskistofnarnir séu takmörkuð auðlind og nauðsyn hafi borið til að vernda hana með þeim hætti sem gert var. Af þessu hafi að vísu leitt takmörkun á rétti þeirra sem ekki áttu veiðiheimildir til að hefja atvinnustarfsemi í þessari grein, nema þeir þá keyptu sig inn með viðskiptum við þá sem fyrir voru. Slíkt sé einfaldlega afleiðing af skipulagi sem nauðsynlegt hafi verið að koma á fót í þágu ríkari hagsmuna, þ.e. verndar fiskistofna fyrir ofveiði. Líkja megi þessu við landnám í upphafi byggðar á Íslandi. Menn hafi komið til landsins og kastað eign sinni á skika þess. Eftir að land hafi allt verið numið hafi nýkomnir ekki lengur getað numið land. Þetta telja hinir sömu að sé líklega í reynd sameiginlegt einkenni sem fylgi takmörkuðum gæðum, að minnsta kosti í ríkjum

sem kjósi að viðhafa meginreglu um einstaklingseignarrétt, en hann feli það meðal annars í sér að einstaklingar og samtök þeirra, en ekki ríkið, skuli eiga atvinnutækin.

IV

Það er vafalaust vegna framangreindra hugmynda um ranglæti þess kerfis, sem á sínum tíma var komið á um stjórn fiskveiða við landið, að undanfarin ár hefur verið í lögum kveðið á um veiðigjöld sem eigendum fiskiskipa beri að greiða. Með lögum nr. 74/2012 hefur þó verið gengið mun lengra en áður. Með sérstaka veiðigjaldinu er í reynd mælt fyrir um að stór hluti afraksturs af veiðum úr fiskistofnum við Ísland skuli renna frá þeim sem veiðarnar stunda í ríkissjóð, sem þá taki við honum fyrir hönd þjóðarinnar með vísan til eignarréttar hennar á fiskistofnunum við landið. Kannski má lýsa þessu þannig að útgerðin hafi að hluta til verið þjóðnýtt. Fyrirtækin muni að vísu starfa áfram og vera í eigu einstaklinga og félaga þeirra. Hins vegar eigi afraksturinn af rekstri fyrirtækjanna að verulegu leyti að renna í ríkissjóð. Í raun og veru jafngildir þetta upptöku á eignum sem um árabíl hafa verið í höndum útgerðarmanna, myndað grundvöll fyrir atvinnustarfsemi þeirra og gengið kaupum og sölum milli þeirra á frjálsum markaði. Þetta eðli aðgerðanna sem

í lögnum felast sést vel þegar haft er í huga að veiðigjaldatakan er alveg sérstök og kemur í viðbót við þau gjöld sem fyrirtæki í sjávarútvegi þurfa að greiða til ríkisins á borð við önnur atvinnufyrirtæki í landinu og kallast skattar.

Þegar nú er kannað hvort svona gjaldtaka fái staðist tel ég að menn verði að hafa í huga að í aflaheimildum útgerðarfélaganna hafa falist eignarréttindi sem hafa notið verndar 72. gr. stjórnarskrár með sama hætti og önnur eignarréttindi landsins barna, sbr. það sem fyrr sagði um þetta. Þetta hlýtur að vera forsendan, sem skiptir máli við athugun á þessu, en ekki sú hugmynd að útgerðarmenn hafi við upphaf kvótakerfisins fengið í hendur verðmæti umfram það sem réttlátt hefði verið. Það er með öðrum orðum ekki unnt að fallast á að eignarréttindi þeirra sem fengu aflaheimildirnar á sínum tíma hafi verið einhvers konar skilyrt eignarréttindi sem þeir kynnu að þurfa að láta af hendi síðar án endurgjalds ef pólitískir straumar í landinu féllu í þá átt. Ákvæðum stjórnarskrár um vernd mannréttinda, þar með talið eignarréttinda, er beinlínis öðrum þræði ætlað að veita vernd fyrir tilfallandi pólitískum straumum sem ráðandi verða á hverjum tíma og hafa meðal annars þau áhrif að meirihluti myndast á Alþingi sem fer með valdið til að setja almenn lög í landinu. Sá tilfallandi meirihluti má með öðrum orðum ekki skerða þau réttindi sem stjórnarskráin verndar.

Lokaorð

Niðurstöðuna af framangreindum hugleiðingum má draga saman á eftirfarandi hátt: Með lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld er mælt fyrir um sértaka gjaldtöku á hendur fyrirtækjum í sjávarútvegi. Í þessum lögum felst að verulegur hluti afraksturs fyrirtækjanna er fluttur í ríkissjóð. Yfirlýstur tilgangur laganna er að veita almenningsi aðild að þessum afrakstri á þeim grundvelli að hann eigi rót sína að rekja til fiskistofna sem þjóðin eigi en ekki útgerðarfyrirtækin sem nýta þá. Ég tel að þessi gjaldtaka skerði eignarréttindi þeirra sem fiskveiðar stunda þannig að í bága fari við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Gildir þetta að mínu mati um hin almennu veiðigjöld, sem lögð hafa verið á undanfarin ár, en umfram allt þau sérstöku gjöld sem fyrst var kveðið á um í lögum nr. 74/2012. Alþingi hafði því að mínum dómi ekki stjórnskipulega heimild til að setja þessi lög með því efni sem þau hafa og að framan er lýst. Leiðir þetta að mínum dómi þegar til þess að þessi lög standast ekki.

Reykjavík, 10. nóvember 2014

Jón Steinar Gunnlaugsson
fyrirverandi dómari við Hæstarétt Íslands





Allt til línuveiða

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður -



ÍSFELL

www.isfell.is

ísnet

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



Grásleppa merkt með rafeindamerki og plötumerki

Varpar togararallið ljósi á stofnstærð grásleppu?

Jón Sólmundsson og James Kennedy

Arthur Bogason skrifar áhuga-verðar greinar um togararall og hrognkelsi í 1. tölublað Brimfaxa í maí 2014. Þar kallar hann eftir betri samskiptum vísindamanna og veiðimanna með meira trausti á báða bóga, og finnst afleitt að traust og virðing skuli ekki einkenna samstarf þessara aðila. Undirritaðir eru sammála því og ýmsu öðru sem fram kemur í greinunum.

Seinni greinin gefur gott yfirlit yfir líffræði hrognkelsis og veiðar. Sögulega úttektin úr „ástandsskýrslum“ Hafrannsóknastofnunar er líka merkileg og sýnir hve mikilvægar þessar

skýrslur eru fyrir aðila í sjávarútvegi til að átta sig á þeim aðferðum sem beitt er við stofnmat og aflaráðgjöf. Að sama skapi eru þær mikilvægar fyrir fiskifræðinga til að koma niðurstöðum og túlkun þeirra á framfæri.

Togararallið umdeilt

Fyrri greinin fjallar um togararallið. Togararallið er, var og verður væntanlega áfram umdeilt. Hér verður ekki rætt mikið um ástæður þess en benda má á skýrslu sem svonefndur faghópur um stofnmælingar sendi frá sér árið 2009 og nálgast má á vefslóðinni http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Faghopur_um_stofnmalingar.pdf. Það sem skiptir mestu máli er að gagnrúni sé málefnaleg og að henni sé tekið alvarlega. Markmið þessarar greinar er að reyna að útskýra hvernig og hvers vegna togararallið er notað við mat á þróun stofn-

stærðar og við ráðgjöf um hámarksafla fyrir hrognkelsi.

Stofnvísitala ekki það sama og stofnstærð

Stofnmælingar (röll) hafa yfirleitt tvö meginmarkmið. Í fyrsta lagi að vakta líffræðilega þætti eins og t.d. lengd, þyngd, lifrarþyngd, hrognþyngd og fæðu, og í öðru lagi vöktun á þróun stofnstærðar. Sjaldan er samt hægt að reikna raunverulega stofnstærð út frá niðurstöðum ralla, heldur einungis vísitölur stofnstærðar.

Vísitölum stofnstærðar þurfa ekki að fylgja einingar, en oft eru þær samt settar fram sem magn í tonnum. Ástæðan er sú að vísitölurnar eru þá reiknaðar þannig að afli í ralltogum er margfaldaður upp m.t.t. þess hve stóran hluta af rannsóknasvæðinu veiðarfærið fer yfir. Alltaf eru samt einhverjir fiskar ofan vörpunnar, aðrir sleppa undir fótreipi, til hliðanna, eða smjúga möskva. Hlutfall þessara fiska er sjaldan þekkt og því er ekki hægt að reikna stofnstærð út frá stofnvísitölu. Sú framsetning að kynna stofnvísitölur sem tonn er ekki röng, en hefur oft valdið því að menn hafa ranglega ályktað að stofnvísitala í tonnum sé það sama og áætluð stofnstærð í tonnum. Það sem skiptir mestu máli er að stofnmælingar séu staðlaðar og vel útfærðar þannig að vísitölur stofnstærðar sveiflist í takt við stærð stofns (sú ákveðið hlutfall af stofnstærð).

Í greininni „Vísindi eða villuljós“ er spurt hvort hrognkelsastofninn árin 1985-1990 hafi verið 10-15 þús. tonn. Svarið er að stofnstærð hrognkelsis hefur aldrei verið þekkt og 10-15 þúsund tonninn sem kynnt voru í skýrslu Hafrannsóknastofnunar voru heildarvísitala en ekki stofnstærð. Það er því ekki rétt að halda því fram að 455 tonn hafi verið skilin eftir í sjónum árið 1996. Sú niðurstaða byggir ekki á réttri túlkun á sambandinu milli stofnvísitölu og stofnstærðar.

„Stóra grásleppurallið“

Í áðurnefndri grein um togararall og hrognkelsi er skoðað hvort fylgni sé milli togararalls og heildarafla á sömu vertíð. Niðurstaðan er sú að

þótt togararall og heildarafli sveiflist nokkuð í takt, sé ekki um nægilega sterka fylgni að ræða til að hægt sé að byggja vísindalega aflaráðgjöf á ralli.


Gallinn við þessa skoðun er að það er ólíklegt að sterk fylgni sé milli heildarafla grásleppu og stofnstærðar. Eins og Arthur nefnir geta margir þættir aðrir en stofnstærð haft áhrif á ársaflann, og má þar helst nefna veiðitakmarkanir, markaðsaðstæður og veðurfar. Þess vegna hefur Hafrannsóknastofnun frekar horft til afla á sóknareiningu sem vísbendingu um það hvort byggja megi aflaráðgjöf á niðurstöðum togararalls. Og merkilegt nokk þá hafa sömu meginrættir verið í þróun stofnvísitölu grásleppu og afla á sóknareiningu á grásleppu-vertíð.

Það má líta á veiðar grásleppukarla sem eitt stórt „grásleppurall“ sem nær frá upphafi til loka vertíðar. Með því að skoða aflabrögð miðað við fjölda neta í sjó fæst afli á sóknareiningu sem er oft talinn geta verið mælikvarða á stofnsveiflur. Að nota afla á sóknareiningu hefur þó þann annmarka að framþróun í veiðitækni, veðurfar og fleiri þættir geta skekkt myndina. Einnig getur sóknarpungi haft áhrif á afla á sóknareiningu, eins og virðist vera í grásleppuveiðum hér við land.

Samt sem áður þá er fylgni milli „grásleppuralls“ og togararalls góð, ótrúlega góð kynni einhver að segja. Árin 2006, 2007 og 2013 skera sig þó úr því þá var afli á sóknareiningu mun meiri en ætla hefði mátt miðað við niðurstöður togararalls. Þessi ár eiga það sameiginlegt að sóknin var mjög lítil. Aflaskýrslur grásleppukarla frá 1980 sýna að afli á sóknareiningu stendur í öfugu hlutfalli við sóknina; því fleiri net í sjó því minna fæst í hvert net.

Gagnrýni grásleppukarla

Skv. greininni „Vísindi eða villuljós“ og tillögum 30. aðalfundar Landssambands smábáta-eigenda, hafa grásleppukarlar gagnrýnt notkun togararalls við stjórnun hrognkelsaveiða. Hér eru helstu ástæður nefndar, og viðbrögð okkar við þeim:



MYND 1: DÝPISFERLAR frá rafeindamerkjum þriggja grásleppa sem merktar voru um miðjan mars og veiddust aftur í apríl.

Grásleppan heldur sig nálægt yfirborði stóran hluta æviskeiðs.

Rafeindamerki hafa sýnt að á leið sinni á hrygningarsvæðin í mars, ver grásleppan talsverðum tíma við botninn, en fer þó oft upp í sjó, einkum að nóttu (Mynd 1). Þegar kemur fram í apríl og grásleppan er komin upp að ströndinni er hún meira nálægt yfirborði sjávar.

Göngutími og göngumynstur hrognkelsa er mismunandi frá ári til árs. Rallið nær bara í skottið á einni grásleppugöngu.

Þessi breytileiki getur valdið því að mismunandi er frá ári til árs hvenær og hvar hrognkelsi kemur upp að ströndinni. Sú staðreynd að rallið fer fram allt í kringum landið bæði grunnt og djúpt og nær yfir þriggja vikna tímabil, ætti þó að draga úr þessum áhrifum. Merkingar í togararalli benda til að rallið mæli hrognkelsi úr mörgum göngum sem eiga eftir að skila sér á mismunandi svæði við landið. Sem dæmi þá hafa hrognkelsi sem merkt voru í ralli á sama svæði á Strandagrunni veiðst aftur í Patreksfjarðarflóa, Húnaflóa og Skjálfandaflóa (Mynd 2). Ekki ætlum við þó að draga úr því að ef mikill munur er frá ári til árs á því hve stór hluti grásleppustofnsins er kominn upp í fjörur

í byrjun mars, þá hefur það áhrif á niðurstöður rallsins.

Veðurfar hefur gríðarleg áhrif á afla.

Veðurfar hefur mikil áhrif á netaveiðar á grunn-sævi og í fjörum, en lítil áhrif á niðurstöður togararalls.

Markaðsástand kaviars ræður miklu um heildarafla.

Ástand markaðar fyrir kaviar og veiðitakmarkanir hafa áhrif á heildarafla, en hins vegar engin áhrif á niðurstöður togararalls.

Af hverju er togararallið notað?

Þegar verkefnið „Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum“ hófst fyrir 30 árum datt engum í hug, ekki einu sinni þeim sem að verkefninu stóðu, að það yrði nokkurn tíman notað til að gefa ráðgjöf um hámarksafla grásleppu. Það kemur því fáum á óvart að sjómenn spyrji hvort togararallið sé virkilega góður mælikvarði á ástand stofnsins. Eftir að í ljós kom að togararallið sýndi fylgni við afla grásleppubáta á sóknareiningu, þrátt fyrir að þessar mælingar séu algerlega ótengdar, þá hefur æ meir verið

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT




ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

| | | |
|-------------------------------------|------------|-------------------------|
| Stefán Hans Stephensen | s. 8608378 | stefans@frumherji.is |
| Axel Axelsson | s. 8608379 | axela@frumherji.is |
| Einar Hilmarsson | s. 8651490 | einarjh@frumherji.is |
| Guðmundur Hanning Kristinsson | s. 8608377 | hanning@frumherji.is |
| Guðgeir Svavarsson | s. 8953102 | gudgeirs@frumherji.is |
| Guðmundur G. Guðmundsson | s. 8953103 | gudmundurg@frumherji.is |



Frumherji
Skipaskoðunarsvið



MYND 2: MERKINGAR (hringir) og endurheimtur (þríhyrningar) hrognkelsa sem merkt voru í togararalli árin 2012-2014. Línur tengja merkingu og endurheimtu en gönguleiðir eru ekki þekktar.

horft til stofnmælingarinnar við mat á stofn-
sveiflum hrognkelsis.

Kostir þess að nota togararall við stofnmat og
aflaráðgjöf, frekar en afla á sóknareiningu, er
að stöðlun aðferða til langs tíma litið er meiri
í rallinu, og tímasetning þess hentar ágætlega
m.t.t. vertíðarinnar. Hér skal þó ekki haldið fram
að stofnmæling með botnvörpu sé besta eða
eina aðferðin sem til er í þessum tilgangi, og
örugglega eru betri leiðir til. Staðlað netarall
með grásleppunetum kemur upp í hugann,
en ólíklegt er þó að grásleppunetarall yrði
óumdeilt.


Netarall Hafrannsóknastofnunar hófst árið
1996, en fram til ársins 2000 voru einungis lögð
net við sunnan- og vestanvert landið. Netarallið
stendur yfir í u.þ.b. tvær vikur í byrjun apríl og
beinist að hrygningarborski, en grásleppa fæst
sem meðafli. Hugsanlega má í framtíðinni nota
netarallið sem einn þátt í stofnmati hrognkelsis
við landið, þótt möskvastærð neta sé minni en
í grásleppunetum. Lausleg skoðun á mælingum

í netaralli bendir til að vísitala hrognkelsis
hafi farið hækkandi upp úr aldamótum, verið í
hámarki árin 2003-2009, en lág síðustu fjögur
ár. Þetta er svipað niðurstöðum togararalls.

Drepst grásleppan eftir fyrstu hrygningu?

Það skiptir öllu máli varðandi nýtingu fiski-
stofna hvort fiskar drepist eftir hrygningu eða
ekki. Það á ekki síst við um tegundir þar sem
veiðar beinast að hrygningarfiski líkt og hjá
hrognkelsi og loðnu. Fyrstu niðurstöður merk-
ingarátaks á grásleppu sem hófst 2008 þóttu
benda til að grásleppan kæmi ekki aftur til
hrygningar. Síðar hefur komið í ljós að þetta
mátti að hluta rekja til taps á merkjum sem
voru marga mánuði í sjó, vegna tæringar í nikkel
pinna merkjanna. Merkjatap af öðrum orsökum
og dauðsföll vegna merkinganna geta einnig
skipt máli, sem og stærðarval netanna.

Í nýlegum greinum um merkingarnar kemur
fram að grásleppan getur hrygnt oftar en einu



MYND 3: HLUTFALL STÓRRAR GRÁSLEPPU í togararalli (rauð lína) og hlutfall neta með 11,5 tommu möskva skv. aflaskýrslum (svört lína).

sinni og er það í samræmi við fyrri merkingar Sigfúsar Schopka og Vilhjálms Þorsteinssonar. Erlendar rannsóknir sýna svipaðar niðurstöður. Grásleppur vaxa hægt eftir að þær verða kynþroska, en geta þó orðið stórar og a.m.k. 10 ára gamlar, sem gæti einnig verið vísbending um að grásleppur geti lifað í mörg ár eftir fyrstu hrygningu. Enn er þó ekki ljóst hve oft grásleppan við Ísland hrygnir að jafnaði.

Breytingar á stærð grásleppu

Ef grásleppan er fær um að hrygna ár eftir ár og veiði er hófleg, mætti í fyrsta lagi búast við að margir árgangar væru í hrygningarstofninum, í öðru lagi að mikið væri um stóra grásleppu og í þriðja lagi að stofnvísitölur fyrra árs hefðu spágildi fyrir vísitölur næsta árs. Frá 1985 til 1997 veiddist æ minna í ralli af stórri og gamalli grásleppu og hefur það ástand lítið breyst síðan (Mynd 3). Það er í samræmi við upplifun grásleppukarla sem virðast hafa brugðist við með því að nota hærra hlutfall af smáriðnari netum (Mynd 3).

Ekki er sterk fylgni milli stofnvísitalna aðliggjandi ára í togararalli. Að hluta stafar það af innbyggðum skekkjumörkum mælinganna, en gæti einnig bent til að hrygningarstofn grásleppu samanstandi aðallega af fiskum sem eru að hrygna í fyrsta skipti. Fyrstu 12 ár stofnmælingarinnar, þegar stór grásleppa var enn nokkuð algeng, hafði stofnvísitala fyrra árs reyndar betra spágildi fyrir vísitölu næsta árs, miðað við undanfarin 17 ár þegar spágildið hefur verið lítið sem ekkert.

En af hverju er minna af stórri grásleppu á hrygningarsvæðunum en áður? Það getur annað hvort stafað af auknum dauðsföllum vegna breytinga í hafinu, eða of miklum veiðum. Hafrannsóknastofnun hefur áhyggjur af því að veiðarnar geti verið að hafa áhrif og mælir því með að veiðihlutfalli sé haldið hóflegu.

Vísitala veiðihlutfalls notuð við ráðgjöf

Árin 1973-1987 var afli grásleppu að meðaltali um 8.200 tonn sem samsvarar um 16.900 tunnum af hrognum. Það er mikill afli og aðeins einu sinni síðan þá hefur ársaflinn verið svo mikill. Aflinn var sérstaklega mikill árin 1984-1987 (10.800 tonn að meðaltali) og í kjölfarið fór stórum grásleppum fækkandi og stofnvísitalan í rallinu lækandi. Þótt stofninn hafi verið stór á þessum árum gæti aflinn hafa verið of mikill.

Fyrir tegundir eins og hrognkelsi, þar sem stofnstærð er ekki þekkt, má fá nálgun á breytingum á veiðihlutfalli. Þá er reiknuð vísitala veiðihlutfalls sem er hlutfallið milli heildar afla og stofnvísitölu. Sé hlutfallið milli afla og vísitölu óbreytt frá ári til árs bendir það til að hlutfallsleg veiðidánartala sé stöðug.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla undanfarin þrjú ár hefur miðast að því að halda vísitölu veiðihlutfalls undir langtíma meðaltali, sem er 0,75. Það þýðir að aflinn sem stefnt er að er 75% af stofnvísitölunni (eins og hún er reiknuð í þúsundum tonna). Með þessu er reynt að auka líkur á því að veiðarnar séu sjálfbærar.

Krafa um ábyrgar veiðar

Ekki eru allir hrifnir af umhverfissamtökum og öðrum aðilum sem krefjast þess að fiskveiðar séu stundaðar með ábyrgum hætti. Kaupendur afurðanna horfa hins vegar í vaxandi mæli til þessara aðila og vilja að upplýsingar liggi fyrir um heilbrigði stofnanna og áhrif veiðanna. Almennt séð er fátt annað en gott um slíkt aðhald að segja, en þetta setur auðvitað þá kröfu á fiskveiðipjóðir að þær standi vel að rannsóknum á fiskistofnum.

Í dag er lítið vitað um áhrif veiða við Ísland á stofnstærð hrognkelsis og stofnstærðin er ekki þekkt. Við slíkar aðstæður er í raun bara eitt í stöðunni með varúðarsjónarmið í huga; að halda veiðunum innan þeirra marka sem sagan segir að stofninn þoli. Út á það gengur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla. Sumum kann að þykja of varlega farið, en

öðrum ekki nægilega varlega í ljósi þess hve lítið er nú af stórri grásleppu í stofninum og rannsóknir takmarkaðar.

Það er eðlilegt að skiptar skoðanir séu á því hvort stofnmæling með botnvörpu sé nægilega góður mælikvarði á þróun stofnstærðar hrognkelsis. Undirritaðir eru reyndar á þeirri skoðun að þótt togararallið virðist gefa upplýsingar um þróun stofnsins, þurfi að fara varlega í það að horfa of stíft á niðurstöður hvers árs fyrir sig. Líffræði hrognkelsis og eiginleikar stofnmælinga eru þannig að alltaf er hætta á ofmati eða vanmati. Í ráðgjöf um hámarksafla grásleppu árið 2015 munu stofnvísitölur árána 2014 og 2015 veita 30% og 70%, sem er sama fyrirkomulag og verið hefur frá árinu 2012. Þannig er dregið úr óvissu mælinganna.

Áframhaldandi rannsóknir

Að lokum viljum við taka undir það að skoða þurfi gömul veiðigögn betur í samanburði við þau gögn sem safnast hafa undanfarin ár. M.a. þarf að skoða betur hvers vegna grásleppa í aflu og ralli sé nú smærri en áður og hvaða áhrif það getur haft á afrakstursgetu stofnsins. Einnig þyrfti að rannsaka áhrif umhverfisþátta á afkomu hrognkelsis utan hrygningartíma og þar gætu rafeindamerki veitt mikilvægar upplýsingar.

Við tökum líka heils hugar undir það að hrognkelsarannsóknir og aflaráðgjöf þurfi að vera trúverðugar og stofninn stór og heilbrigður. Rannsóknir á hrognkelsi hafa verið auknar verulega undanfarin ár og merkingaráttak Hafrannsóknastofnunar, BioPol og smábátasjómannanna hefur skilað mikilvægum niðurstöðum. Samvinna þessara aðila er nauðsynleg og hefur gengið vel og vonum við að svo verði áfram. Víst er að kynna mætti rannsóknir og niðurstöður betur en fram til þessa, m.a. með greinum og skoðanaskiptum í Brimfaxa.

Jón Sólmundsson,

verkefnisstjóri togararalls
Hafrannsóknastofnunar

James Kennedy,

hrognkelsasérfræðingur hjá
Hafrannsóknastofnun

PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölþátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðveldi þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**



Aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2014

Nokkur orð frá fjórum fundarmanna

Þorvaldur Garðarsson

Eftir að hafa setið aðalfund LS nú í haust er mér efst í huga mikill samhljómur meðal félagsmanna þar sem hver grein smábátæigenda styður hinar. Þetta er sá andi sem alla tíð hefur skilað okkur fram á veginn, að troða ekki skóinn hver af öðrum heldur styðja ávallt þau tækifæri sem eru til sóknar hverju sinni.



ÞORVALDUR GARÐARSSON

Ég vil alveg sérstaklega hvetja þá smábátæigendur sem hafa yfirgefið LS á síðustu árum að huga vel að þessu og benda þeim á hve miklu sterkari við erum sameinaðir en sundraðir. Í dag sé ég engin stór ágreiningsmál og hvet þessa fyrrum félagaga til að koma til baka og styrkja þannig stöðu smábátæigenda á Íslandi.

Ræðu sjávarútvegsráðherra er alltaf beðið með nokkurri eftirvæntingu þar sem stundum hafa komið fram vísbendingar og jafnvel yfirlýsingar um framtíðarskipan í þeirri ræðu. Svo var þó ekki

að þessu sinni, það var talsvert talað en lítið sagt. Allt sem ráðherra sagði voru atriði sem öllum voru kunn, mér fannst samt frekar undarlegt þegar ráðherra lýsti því hvernig okkur útgerðarmönnum og smábátæigendum kæmi eiginlega ekkert eða lítið við hvernig auðlindinni væri stjórnað. Hann taldi upp ýmsa hópa sem voru okkur þar fremri og við vorum þar mjög aftarlega á merinni, mjög undarlegt í mínum huga.

Annars var andi fundarins fyrst og fremst að berjast fyrir sem mestu frelsi í veiðum smábáta. Þar má nefna færaveiðar, makrílveiðar, síldveiðar, aukinn úsu- og þorskvóti og línuviltun fyrir alla dagróðrabáta. Síðan fannst mér frábært þegar fyrrverandi formaður og stofnandi Landssambandsins, Arthur Bogason, kom í pontu og brýndi fundarmenn til að gæta hagsmuna sinna gagnvart stjórnvöldum, gæta þess að láta ekki brjóta á okkur stjórnarskrárvarin réttindi og sækja rétt okkar ef vafi er þar um.

Fundurinn gaf mér tilefni til bjartsýni varðandi okkar baráttu á komandi misserum og ég hvet alla smábátæigendur til að fylkja sér að baki Landssambandi smábátæigenda í baráttunni fyrir hagsmunum okkar.

Þorvaldur Garðarsson

varaformaður Landssambands smábátæigenda og
formaður Árborgar, félags smábátæigenda
á Suðurlandi

Ketill Elíasson

Þegar að ég kom fyrst á aðalfund LS í kringum 1991 var veganestið af aðalfundi Eldingar að smábátar (þá 6 tonn) yrðu að fá að veiða 100 tonn, eða eins og formaður Eldingar sagði „það er bara ekki hægt að gera út fyrir minna en 100 tonn á ári“.

Þegar á fundinn kom var svo annar trillu- karl að austan sem hélt því fram úr ræðustól að trillukarlar ættu að reyna að fá 30 tonna kvóta „það er hægt að lifa góðu lífi á því, meira er græðgi og tekur alla rómantik úr trilluútgærðinni“. Þarna sá maður strax á fyrsta fundi hvað trillukarlar eru ólíkur hópur og hvað það gat skipt miklu máli hvaðan af landinu menn voru og hvernig hefðirnar voru í kringum útgerðina á hverjum stað. Næstu ár á eftir var



KETILL ELÍASSON

mikið tekist á um tillögu sem gekk út á að fá 10 tonna kvóta á stærðartonn báts (fjögurra tonna bátur fengi 40 tonna kvóta).

Í dag er veruleikinn allur annar, bátarnir orðnir 30 tonn og aflinn mældur í þúsundum tonna og launþegar margfalt fleiri. Þannig að breytileikinn er ennþá til staðar. Við í Eldingu höfum alltaf lagt mikið upp úr því að sem flestir mæti á aðalfund LS. Þannig höfum við styrkt áheyrnarfulltrúa til jafns á við aðalfulltrúa okkar á aðalfundinn, sem verður oft til þess að okkar maður er við kaffikönnuna frammi á gangi þar sem mikið af óformlegum upplýsingum koma fram.

Á aðalfundinum í ár var gerð tilraun til að stytta fundinn, dagskráin var þéttari og því sleppt að taka fyrir ákveðin málefni eins og undanfarið, t.d. sleppibúnað, nýsköpun, grásleppumælingar í togararalli og fl. Ég held að þegar svona er, fari færri fram á gang í kaffi og veiðisögur.

Þegar ég leit yfir salinn á síðasta aðalfundi fannst mér ég kannast við nánast alla, og er ég þó ekki mannglökkur. Þetta vakti þá spurningu hvort farið sé að hægja á endurnýjun í kerfinu eða eru fulltrúar stærri (eldri) útgerða frekar valdir sem fulltrúar á fundinn? Á þessum árstíma eru strandveiðar löngu búnar og eru þar af leiðandi kannski ekki efst í huga manna. Kannski er kominn einhver sérfræðingasvipur á samkomuna þar sem sumir fulltrúar, eins og ég, hafa komið á alla fundi síðustu 25 ár eða lengur.

Það sem að mér fannst skemmtilegast á þessum fundi var hvað mikil eindrægni var með tillögu um strandveiðar. Áður voru menn að rökræða um hvernig tillögur voru orðaðar þó að menn væru sammála um innihaldið. Nú höfum við samþykkt tillögu um strandveiðar í nokkur ár með mismunandi orðalagi þar sem lögð er áhersla á 4 daga, 4 vikur, 4 mánuði og engan pott. Þessar áherslur hafa nú verið samþykktar í öllum svæðisfélögum. Nú er bara að sjá hvort að ráðherrann er tilbúinn að koma á móts við okkur.

Ketill Elíasson,

stjórnarmaður LS fyrir Eldingu, félag smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum

Ólafur Hallgrímsson

30. aðalfundur Lands sambands smábátæigenda var málefnalegur og til hans barst að venju fjöldi tillagna frá svæðisfélögum LS.

Afgreiðsla þeirra var svo með hefðbundnu sniði því þó svo tillögurnar sem bárust fundinum snúi að allri tegund útgerðar og veiðiskapar, sem smábátar stunda er það einkenni aðalfunda LS að þar ná menn sáttt þrátt fyrir ólík sjónarmið.

Meðal margra góðra tillagna sem voru samþykktar á þessum aðalfundi náðu fundarmenn því að sameinast um að leggja til við stjórnvöld að strandveiðar verði efldar með því að fella út hámarksafla á tímabil. Aukið verði við línuvílnun og tekin til baka skerðing á ívlnun í ýsu. Aukið verði það magn sem fer til færaveiða á makríl og að færamakrill verði aldrei kvótasettur.

Einnig bar fundurinn gæfu til að hafna tilboði sjávarútvegsráðherra um að leyfð yrðu skipti á aflamarki í þorski fyrir ýsu úr stóra kerfinu, hefði það verið samþykkt held ég að það hefði orðið fyrsta skrefið í sameiningu veiðikerfanna.

Það sem situr í mér eftir fundinn er úr ræðu sjávarútvegsráðherra Sigurðar Inga Jóhannssonar. Ég skildi hann svo að hann teldi þær aflaheimildir sem settar væru í strandveiðar, byggðakvóta, línuvílnun og aðrar bætur nýttust ekki eins og hann vildi og þar sem hann vildi. Mér finnst að stjórnvöld hafi á stundum breytt vinnuumhverfi smábáta án nægrar hugsunar og



ÓLAFUR HALLGRÍMSSON

án tillits til hversu mikilvægur þáttur smábáta-útgerðin er í atvinnusköpun um allt land. Mér líst illa á ef stjórnvöld ætla að færa veiðheimildir handvirkt eftir geðþótta út og suður.

Á félagssvæði Félags smábátæigenda á Austurlandi hafa strandveiðar gert þeim sem hafa áhuga á sjómennsku möguleika á að reyna sig í útgerð. Veiðarnar hafa skapað líf í höfnum en í sumum þeirra hafði varla sést handfæratrilla í nokkur ár. Línuívilnun skapar gríðarmörg störf í kringum útgerð línubáta og línufiskur af dagróðrabátum er úrvals hráefni, þörf er á að auka ívilnun til allra línubáta í dagróðrum. Á félagssvæðinu skiptir byggðakvóti byggðalög þau sem njóta hans gríðarlegu máli. Nú er það verkefni forystu Landssambands smábátæigenda að koma tillögum aðalfundar til viðeigandi ráðuneyta og stofnana og reyna að vinna þeim brautargengi.

Að vinna að hagsmunamálum trillukarla er stöðug barátta ekki síst þar sem stjórnvöld virðast hafa það að keppikefli að flækja og breyta starfsumhverfi sjávarútvegsins sem oftast. Oft eru stærstu og róttækustu breytingarnar án samráðs eða í óþökk þeirra sem vinna í greininni, sjómanna sjálfra.

Þrátt fyrir það sé ég ekki annað en smábátaútgerð um allt land eigi eftir að vaxa og dafna því að í trillukörnum býr þrautseigja og áræðni.

Ólafur Hallgrímsson



stjórnarmaður LS fyrir Félag smábátæigenda á Austurlandi

Óttar Ingvason

Síðasti aðalfundur LS var að mörgu leyti vel heppnaður og afar ánægjulegt að upplifa hve breið og góð samstaða var almennt meðal smábátæigenda um stór og mikilvæg mál. Þó oft hafi gefið á bátinn hefur félagið notið þeirra gæfu að berjast fyrir almennum hagsmunum smábátæigenda og þaðan fær það styrk sinn og velvilja.

Það sem er hins vegar áhyggjuefni er hvernig samskipti við ráðuneyti sjávarútvegs mála hefur verið að þróast og þá sérstaklega í tíð núverandi ráðherra. Þetta sjónarmið kristallaðist vel í upphafi aðalfundar þegar ráðherra ávarpaði samkomuna þar sem hann útskýrði vel og vandlega fyrir fundarmönnum að þeir væru ekki í fyrsta sæti hjá honum þegar kæmi að hans ákvörðunum, heldur ekki öðru, né þriðja. Hvernig stendur á því að maðurinn hraunar þessu yfir fundinn? Að öllum líkindum er búið að hruga of mörgum ráðuneytum á sama ráðherrann. Maður hefur það sterklega á tilfinningunni að þessar sameiningar ráðuneyta hafi orðið þess valdandi að ráðherra sé orðin einskonar strengjabrúða embættismannakerfisins og eigi þess ekki kost að setja sig nægilega vel inn í málefni greinarinnar. Eins og glöggir menn heyra tjáir ráðherra sig ekki um sjávarútveg nema á undan komi „sérfræðingar segja...“. Hér áður fyrr voru sjávarútvegsráðherrar almennt vel inni í málum greinarinnar og börðust fyrir framgangi hennar útávið. Það á eflaust sinn þátt í að hér hefur tekist að byggja upp jafn öflugan sjávarútveg og raun ber vitni.

Því miður hefur stjórnsýslunni stórlega hrakað undanfarið og það er óboðlegt hvernig þessum málum er fyrirkommið í dag. Stórar ákvarðanir eru teknar án eðlilegs samráðs við hagsmunaaðila og lagabreytingar keyrðar í gegn í skjóli myrkurs. Niðurstaðan er vond og hefur leitt til verra og óskilvirkara regluverks. Það er verið að ofstjórna einföldustu hlutum og skrifræðið hefur aukist mikið. Það er alveg með ólíkindum hve miklar og víðtækar valdheimildir Alþingi hefur afsalað sér til sjávarútvegsráðherra og embættismanna hans, sem þeir svo nota til að stjórna stórum málum með því sem má kalla geðþóttareglugerðum. Nú er mál að linni.




FLIR hitamyndavélar auka öryggi og veita skipstjórnarmönnum sýn hvort heldur er í niðamyrkri eða þegar sólin blindar.

Allt umhverfi skipsins sést mjög vel óháð birtu, svo sem sjólag, baujur, bátar, land, reköld, ísrönd, lagnaðarís, straum og hitaskil.

Maður í sjó sést mjög vel sem getur skipt sköpum ef óhapp verður.

FLIR Hitamyndavélar sýna heildstæða hitamynd af rafkerfum, tengiskápum og töflum, legum, kælikerfum, glussalögnum, FREONLEKA

Með reglubundinni skoðun er hægt að greina bilun og bregðast við áður en alvarlegt tjón hlýst af.



Við mælum með því besta

Síðumúla 28 - 108 Reykjavík - - sími: 510 5100 - www.ismar.is



ÓTTAR INGVASON

Annars má búast við að starfsárið verði nokkuð viðburðaríkt hjá LS og stór mál eru framundan. Nýtt fiskveiðistjórnunarfrumvarp verður lagt fram, en í því hafa verið boðaðar viðamiklar kerfisbreytingar. Kjaramál eru á dagskrá og væntanlega þarf að þrústa á breytingar til samræmis við aukna stærð smábáta ásamt réttindamálum þar að lútandi. Grásleppumálin verða ofarlega á baugi en þar eru markaðs- og vottunarmálin ásamt veiðistýringunni stærstu málin. Eins og þeir vita sem til þekkja, tók Hafró upp á þeim óskapnaði að troða upp á okkur aflaráðgjöf sem byggir á vísitölumælingu grásleppu í botntroll og til að ná eyrum ráðu- neytisins kalla þeir þetta vísindi.

Varðandi makríl-, síld- og strandveiðar smábáta verður eflaust tekist á um þau mál ásamt fleirum í hinu nýja frumvarpi um stjórn fiskveiða. Það er afar mikilvægt að veiðar smábáta verði tryggðar og þeim ætluð sanngjörn hlutdeild í þessum veiðum. Eðlileg hlutdeild í makríl lægi að mínu mati í kringum 18% sem er sambærilegt hlutfall og í Noregi, en ekki þau 5% sem okkur eru hér ætluð. Það var alger hneisa hvernig makríl-veiðar smábáta voru stöðvaðar fyrirvaralaust á síðustu vertíð í mokveiði og hækkandi verði, þrátt fyrir að ráðherra hafi gefið fyrirheit um annað. Mikil samþjöppun veiðiheimilda í kerfinu hefur leitt af sér verkefnaskort fyrir fjölda báta og því mikilvægt að tryggja bátunum aukin verkefni sem einkonar mótvægisáðgerðir við þær stjórnvaldsáðgerðir sem hafa átt sér stað. Stjórnvöld þurfa að axla þá ábyrgð.

Það er a.m.k. ljóst að það er enginn verkefnaskortur framundan í hagsmunagæslu fyrir smábátæigendur og að mínu mati forgangsmál að félagið geri kröfu um að leikreglur verði skýrar og gegnsæjar, möguleikar í útgerð eflidir og smábátum verði ætluð sanngjörn hlutdeild í veiðum.

Óttar Ingvason

stjórnarmaður LS fyrir Klett, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra

VEÐUR-APPIÐ

Veðurstofa Íslands

Veður Veðurstofa Íslands www.vedur.is

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is

Baráttan LS fyrir auknum veiðiheimildum í úsu

Baráttan Landssambands smábátæigenda undanfarin ár fyrir auknum úsukvóta hefur vart farið fram hjá félagsmönnum né öðrum sem fylgjast með sjávarútveginum. Í raun má segja að upphafsins sé að leita til þess tíma sem þorskaflahámarkið var lagt niður og krókaafلامark tekið upp. Ýsa ásamt öðrum tegundum var þá sett í kvóta hjá krókabátum sem kallaði á gjörbreytt veiðimynstur hjá þeim. Það breyttist úr því að hafa þorsk sem meðafla í að úsan varð meðafla.

Hlutdeild í úsu of lág

Brátt kom í ljós að 15% hlutdeild í heildarafla úsu til krókabáta var of lágt miðað við þá blöndu sem var á veiðislóð þeirra. Þá hafði úsan samfara hlýnun sjávar flutt sig um set. Hún virtist leita æ meir inn á grunnslóðina og leitaði norður fyrir land þar sem hún hafði nánast ekki sést í rúma fjóra átatugi. Með auknum úsuveiðiheimildum samfara lágu verði á leigukvóta hófst stórsókn krókaflamarksbáta í úsuna. Bátar af Reykjanesi við Faxaflóa og Breiðafjörð færðu sig vestur á firði og í Húnaflóa og víða fyrir Norðurlandi. Meðal staða sem nutu og njóta enn góðs af því má nefna Skagaströnd og Siglufjörð á sama tíma og heimahafnir bátanna urðu fyrir tekjutapi. Þetta mynstur er enn í gangi.

Ýsuafli krókaflamarksbáta


| | Heildarafla | Ýsuafli | Hlutdeild | aflamarki |
|-----------|--------------|-------------|-----------|------------|
| 2001/2002 | 41.059 tonn | 5.798 tonn | 14,1% | 671 tonn |
| 2002/2003 | 55.251 tonn | 9.453 tonn | 17,1% | 115 tonn |
| 2003/2004 | 77.916 tonn | 12.594 tonn | 16,2% | 48 tonn |
| 2004/2005 | 96.617 tonn | 16.128 tonn | 16,7% | 488 tonn |
| 2005/2006 | 99.918 tonn | 22.689 tonn | 22,7% | 6.243 tonn |
| 2006/2007 | 99.763 tonn | 22.762 tonn | 22,8% | 6.301 tonn |
| 2007/2008 | 109.810 tonn | 21.326 tonn | 19,4% | 4.051 tonn |
| 2008/2009 | 88.618 tonn | 21.045 tonn | 23,7% | 4.186 tonn |
| 2009/2010 | 67.579 tonn | 16.498 tonn | 24,4% | 2.673 tonn |
| 2010/2011 | 50.042 tonn | 13.593 tonn | 27,2% | 3.490 tonn |
| 2011/2012 | 49.179 tonn | 13.825 tonn | 28,1% | 3.474 tonn |
| 2012/2013 | 40.481 tonn | 11.942 tonn | 29,5% | 3.401 tonn |
| 2013/2014 | 38.944 tonn | 11.840 tonn | 30,4% | 5.755 tonn |

Kvóti fyrir 1,7 milljarð

Eins og sjá má á þessum 13 árum sem liðin eru frá því krókaflamarkið var lögfest og úsan þar með kvótasett er það fyrst fiskveiðiárið 2005/2006 sem reyndi á 15% hlutdeildina. Það ár eykst aflinn um rúm 40%, fer í 22.689 tonn, sem þýddi að þeir þurftu að leigja til sín 6.243 tonn úr stærra kerfinu. Hæst á þessu tímabili fór úsuafllinn 2006/2007 í 22.762 tonn. Hlutdeild krókaflamarksbáta fór hins vegar hæst á síðastliðnu fiskveiðiári í 30,4%, sem er tvöföldun á úthlutuðu krókaflamarki.

Auk þess að leigja til sín með beinum hætti 4.845 tonn skiptu þeir á ufsa fyrir úsu alls 910 tonn. Þar var um jöfn skipti í ígildum talið. Gera má ráð fyrir að útgerðir krókaflamarksbáta hafi greitt fyrir þessar veiðiheimildir um 1,7 milljarða króna.

Hlutdeild verði 24,1%



Krafa Landssambands smábátæigenda við yfirstandandi endurskoðun laga um stjórn fiskveiða er að viðurkennd verði ný aflareynsla í úsu fyrir krókaflamarksbáta sem forsenda fyrir hækkun hlutdeildar. Hlutdeildin sem LS telur rétt að miða við er 24,1%, eða meðaltal sl. 9 fiskveiðiára.

Með frumvarpi um breyting á lögum um stjórn fiskveiða sem lagt var fyrir Alþingi fyrir réttu ári, og samþykkt var sem lög 16. maí sl. var lagt upp með að aflahlutdeildarhafar í rækju yrðu sviptir 30% af hlutdeild sinni og hún yfirfærð til þeirra sem sinnt hefðu veiðunum. Í meðferð atvinnuveganefndar Alþingis var bætt um betur og ákeðilegt að skipta hlutdeildinni upp að jöfnu.

Landssambandið varaði við þessari breytingu og lagðist alfarið gegn henni. Meðal viðvör- unarorða var að með breytingunni væri búið að gefa fordæmi um skerðingu hlutdeildar á þessum forsendum og við það mundi opnast leið á grundvelli jafnræðisreglu að slíkt hið sama yrði gert með hlutdeild í úsu. Nú stendur yfir vinna hjá LS við að undirbúa þessa kröfu félagsins.

Svigrúm fyrir 5000 tonn

Fjöldmargt annað er unnið að til að létta mönnum róðurinn varðandi úsugengd á miðunum sem veldur því að erfiðlega gengur að veiða þann þorsk sem kvóti er fyrir.

Landssambandið kvartaði fyrir nokkrum dögum til umboðsmanns Alþingis yfir ákvörðun sjávar- útvegsráðherra að lækka afla til línuívilnunar í úsu og steinbít. Krafa er að 1000 tonnum í úsu og 200 tonnum í steinbít verði skilað á sína staði, við það myndi opnast svigrúm til línuívilnunar í úsu fyrir alla dagróðrabáta. Einnig er það krafa LS að ívilnun verði hækkuð úr 20% í 30%.


Þá hefur LS farið fram á við Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að hann bæti 5.000 tonnum við úsukvótann. Félagið færir m.a. þau rök fyrir beiðni sinni að haustrall Hafrannsóknastofnunar hafi í nokkur ár gefið betri niðurstöðu en vorrallið sem er í samræmi við það sem sjómenn upplifa á miðunum. Þrátt fyrir þessar tvær staðreyndir hefur stofnunin ekki séð ástæðu til að taka það með í útreikninga á stofnstærð og þar með tillögu um heildarafla.



ÖRN PÁLSSON framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda

LS vísar einnig á, tillögu sinni til stuðnings, að á fiskveiðiárinu 2011/2012 ráðlagði Hafrannsóknastofnun 37 þúsund tonna heildarafla í úsu. Stjórnvöld ákváðu hins vegar að veitt yrðu 45 þúsund tonn, eða 22% umfram ráðleggingar stofnunarinnar. Viðbrögð Hafró við því var að segja að ákvörðunin yrði til þess að stofninn mundi minnka mun hraðar. Það gekk ekki eftir.

Að lokum birtist hér graf sem sýnir annars vegar ráðleggingar Hafró (stöplar) og hins vegar afla (ferill). Ég læt lesendum það eftir að meta hvort árangurinn er viðunandi hvað varðar aukinn kvóta þegar nánast alltaf hefur verið farið að tillögum stofnunarinnar undan- farin 37 ár.



Vægðarvæl

Það er orðið svolítið hvítleitt að hlusta á ákall formælenda fiskveiðistjórnunarkerfis okkar Íslendinga um frið. Hver kannast ekki við setningar í ræðu og riti sem hljóma eitthvað á þessa leið:

„við verðum að setja niður deilur um fiskveiðistjórnarkerfið“

eða:

„deilum um fiskveiðistjórnarkerfið verður að linna“

og jafnvel:

„við verðum að vera sammála um að fara eftir bestu vísindalegri ráðgjöf.“

Þegar ég heyri eitthvað í líkingu við ofanritað verð ég alltaf fullviss um að sá sem það ritar eða mælir hefur ekki hundsvit á því sem hann er að ræða eða hefur í það minnsta mjög grunnan skilning á tilverunni.

„Gef mér stríð- og styrk að vinna“ segir Einar Benediktsson í ljóði sínu Undir stjórnunum. Þar kveður við svolítið annan tón og upplitsdjarfari sem lýsir jafnframt dýpri skilningi á eðli tilver-



SVEINBJÖRN JÓNSSON frumkvöðull um margt, ljóð- og tónskáld, sjómaður og ótal margt fleira

unnar en vægðarvæl formælenda fiskveiðistjórnunarkerfis okkar í dag.

Hvernig mundi ónæmiskerfi líkama okkar þróast ef við lifðum í dauðhreinsuðu umhverfi? Hvernig fór fyrir Kínverjum eftir að þeir reistu múrinn í denn? Hvaða afleiðingar hafði Járntjaldið? Hvert leiddi gagnrýnislítil dýrkun á íslensku útrásinni hagkerfið okkar og bankana? Með viðlíka spurningum mætti fylla heila bók sem hefði tilvísun í söguna og reynsluna og við ættum að hafa lært nóg af til að biðjast ekki undan gagnrýni. Þess vegna segi ég að þeir sem biðjast undan átökum eru að óska sér dauða án þess að skilja það.


Getur verið að þeir sem standa fyrir þessu kerfi séu að biðja um frið til að fá að deyja drottni sínum? Getur verið að við sem höfum stundum nennt að gagnrýna kerfið og forsendur þess höfum verið að halda því lifandi? Ef svo er, er þá ekki réttast að steinhalda kjafti og leyfa þessu glóruleusa fyrirbæri að syngja sitt síðasta, fljóta sofandi að feigðarósi með belginn fullan að velmektartilfinningu?

Getur verið að vísindamenn og stjórnmálamenn, sem flestir eru menntaðir í sömu háskólunum, trúi því að verk þeirra séu best varðveitt án gagnrýni? Eða snúst þetta kannski bara um að koma sér vel fyrir að samfélagsjötunni og háma í sig án þess að einhverjir utanaðkomandi kverúlantar séu að skipta sér of mikið af? Sá spyr sem lítið veit og fáu trúir.

Þeir sem eru komnir á minn aldur eiga stundum erfitt með að meðtaka breytingar tilverunnar. Jafnframt hefur rýrnandi heyrn og stundum sjón áhrif á skynjun okkar og veldur gjarnan hvítleiðum misskilningi. Ég lenti t.d. í því nýlega að misskilja skammstöfun sem algeng varð í fréttum, hélt að verið væri að tala um ráðgjafastofnun Hafrannsóknastofnunar, ICES, en komst sem betur fer að því að verið var að ræða um nýtt trúarríki í Mið-austurlöndum með svipaðri skammstöfun.

Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktara framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Markúsarnet í töskum fyrir frístundabáta með allt að 2 m borðhæð.

Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og þakast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.



Gleðileg jó!



Stuttu seinna heyrðist mér að íslenska ríkið væri farið að afhöfða saklaus fórnarlömb í beinni en það leiðrétti sig við nánari athugun. Svona leiðréttast hlutir sem betur fer ef menn leyfa sér að véfengja það sem þeir sjá og heyra. Hitt verður svo áfram jafn alvarlegt að heilapvottur og ofstæki geti leitt til jafn sorglegrar niðurstöðu og ætti að verða dýrkendum kerfa ærið umhugsunarefni. Erum við virkilega svo einföld fyrirbæri að hægt sé að draga okkur í dilka eftir því hvort við dáumst að eða óttumst meira afhöfðanir eða eldflaugar sem splundra byggingum fullum af fólki? Er ótti virðingar faðir og móðir? Sá spyr sem lítið veit og fáu trúir.

Sumir hafa tileinkað sér þá skoðun að vistrúmi hafi lítið eða ekkert að gera með nýtingu fiskistofna og eiga erfitt með að viðurkenna vaxtaraukningu grisjunarinnar. Þeir hinir sömu virðast ekki heldur gera sér góða grein fyrir aukinni orkuþörf til holdsköpunar með hækkandi aldri

stofna. Getur verið að þeir séu enn til á Íslandi sem telja ávöxtunargetu hafsinns svo ótakmarkaða að ekki séu til svo dýr lán í veröldinni að það borgi sig frekar að taka þau en veiða fisk?

Hvenær eignast veröldin stjórnálamenn sem þora að setja spurningarmerki við þekkingu og kerfi sem ekki eru að ganga upp?

Er ekki kominn tími til að bjóða Obama og Pútín til fundar í Höfða undir handleiðslu Einars Ben?

Sá spyr sem lítið veit og fáu trúir. En svo lengi lærir sem lifir.

Lifið heil.

Sveinbjörn Jónsson

PS.

Upplýsing

Er bjarnar að degi um bjartstirnda nótt hverfur boðskapur alheimsins sjónum. Undir bláhvelfdum hjúp fá þeir blindu sinn þrótt meðan blæðir úr ómstríðum tónum hins jarðneska lífs sem jaskast svo fljótt undan járnúðum hælum á skónum. Því er dagsljósið stundum svo dapurt og ljótt fullt af deyjandi vonum og tjónum.

Er stjörnurnar hverfa í staurblindu ljóss fer á stúfana græðginnar leikur. Hver sem eltir sinn fögnuð og eykur sitt góss verður erfingi sigursins keikur. Þó fljóti um lífið að flæðum þess óss, hvar flokkinn sinn hittir hann bleikur. Er hann vel að þeim frama og verður þess hróss sem velgengni mannlífsins eykur.

Um kvöldið er stjörnurnar stara þig á eftir styrjaldar feluleik dagsins. Munu augun í víðáttu alheimsins sjá gegn um örþunna skinhelgi bragsins. Þó lokist þín sjónop um lyginnar þrá og logandi ástríður hagsins. Mun samviska alheimsins sífellt þig hrjá, syngja þér dóm Lokalagsins.



Gleðileg jól

Samgöngustofa óskar sjófarendum öllum
gleðilegra jóla, farsældar og öryggis á nýju ári

Ólíkt hafast þeir að, vísindamennirnir

Skýrslur um línuveiðar



LÍNUVEIÐAR.... blessun eða bölvun?

Margir smábátæigendur hafa ugglauast upplifað það sem kalda vatnsgusu í andlitið þegar greint var frá því í fréttum síðla októbermánaðar að þrír af vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar hefðu komist að þeirri niðurstöðu í skýrslu sem birtist hafði í vísindaritíni Alþjóða hafrannsóknaráðsins að.....

„...áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir veiðar á undirmáls- og smáþorski væri að banna línuveiðar á stórum svæðum næst landi...“

Þessi niðurstaða, eða fullyrðing, er svo risavaxin og getur haft svo víðtækar afleiðingar, allt frá miðum á markað, að bak við hana mætti ætla að fyrir lægju víðtækar vísindalegar rannsóknir til langs tíma. Svo er ekki.

Skýrslan er samantekt á lengdarmælingum úr gögnum veiðieftirlitsmanna Fiskistofu árin 2005-2013. Engra aldursgreininga er getið (til eru þekkt dæmi um smáan fisk sem er gamall) og málband notað sem vog af starfsmönnum

stofnunar sem stundar alls ekki vísindalegar rannsóknir. Engu að síður fær þessi samantekt, sem ætla má að nánast hver sem er geti framkvæmt, birtingu í „vísindatímariti“.

Þeir sem tóku tölur veiðieftirlitsmanna saman, gefa sér að auki fyrirfram gefna niðurstöðu: að „verndun smáfisks“ sé hafin yfir allan vafa hvað varðar nýtingu fiskistofna. Það er hins vegar alls ekki raunin. Íslenskir fiskifræðingar hafa ekki aðeins dregið þessa aðferðafræði – smáfiskavernd – í efa – heldur beinlínis sagt að hún geti verið til bölvunar og fært fyrir því þrjúðisgóð rök. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á ummæli fiskifræðingsins Jens Christian Holst í viðtalinu við hann hér í blaðinu.

Þá er hvergi vikið að vísindalegum rannsóknum sem norskir fiskifræðingar framkvæmdu fyrir löngu síðan, sem sýndu svart á hvítu hversu lítið hlutfall þess fisks sem er á svæðinu sem línan er lögð á, festist á henni. Í þessu sambandi er hvergi vikið að því hversu vel spár stofnunarinnar um aldursamsetningu afla í gegnum árin passa við niðurstöður fiskifræðinganna.

Þessa undarlegu skýrslu má hæglega skýra á annan hátt – sem hreina örvæntingu. Þrátt fyrir að nú hafi í langan tíma verið farið að ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar varðandi þorsstofninn, gengur hvorki né rekur við þá gríðarlegu uppbyggingu sem löngu átti að vera komin fram. Stuttu eftir að skýrslan komst í fréttir var framkvæmd skyndilokun í Húnaflóa sem átti ekkert skylt við eðlileg eða sanngjörn vinnubrögð. Mæling hjá einum línubáti var yfir mörkum varðandi smáfisk, enda var hann á grunnu vatni. Bátar, ekki langt frá, en dúpra, voru með mjög vænan fisk. Engu að síður var lokað á þá alla og rúmlega það. Án nokkurs rökstuðnings.

Hér verður ekki frekar fjallað um þessa skýrslu, en ástæða þess að hún er hér tekin til stuttrar umfjöllunar er að benda á þá staðreynd að ólíkt hafast vísindamenn að þegar kemur að línuveiðum.



hér er verið að draga línu á svæði sem yrði lokað, væri farið að niðurstöðu skýrslunnar sem fyrr er talin. Í þetta skipti var hún seiluð af vænum þorski.

Í apríl sl. birtist í vísindatímaritinu Nature skýrsla sjö vísindamanna við Haf- og fiskveiði-deild IMAR OG LARSyS og rannsóknarstofum Háskóla Azoreyja (Portúgal).

Titillinn á þessari skýrslu er eftirfarandi:

„Línuveiðar á djúpsævi hafa dregið úr áhrifum veiða á viðkvæm vistkerfi sjávar“.

Í inngangi skýrslunnar er ekkert verið að draga af því:

„Vistkerfum á djúpsævi stendur ógn af botnvörpuveiðum. Þær breyta formgerð og eðlis-eiginleikum hafsbotsins með gríðarlegum afleiðingum fyrir samfélög botndýra. Af þessari ástæðu byggist framtíð djúpsjávarveiða á því að annarri veiðitækni verði beitt sem viðheldur heilbrigði þessara vistkerfa og gerir þeim kleift að standast eðlilega nýtingu.

Í þessari rannsókn sýnum við fram á að línuveiðar á djúpslóð hafa lítil áhrif á viðkvæm vistkerfi hafsins, draga úr meðafla á kaldsjávarkóröllum og hafa takmarkaðan skaða á botndýrasamfélög. Við komumst að því að

hægvaxta og viðkvæmar tegundir eru enn algengar á svæðum sem veidd hafa verið með línu sl. 20 ár og áætluð að eitt botntroll hafi svipuð áhrif og 296-1719 línur, eftir fjölbreytileikanum í vistkerfinu.

Í ljósi þessa áberandi munar á röskun, valhæfni og mun minni eldsneytiseyðslu, leggjum við til að línuveiðar verði valkosturinn sem notaður verði gagnvart botnvörpuveiðum“.

Í skýrslunni eru ítarlega rakin hin ýmsu áhrif veiðanna hvað varðar aukaafla, áhrif á kórallavistkerfi, botndýralífið og ýmislegt fleira. Óneitanlega vekur athygli hinn mikli fjöldi tilvísana í heimildir sem höfundar tína til, eða 62.

Það er hætt við að það fari hrollur um margan togveiðimanninn við þennan lestur og þeir hafa fulla ástæðu til. Í Evrópu eru umhverfissamtök í þaulskipulagðri herferð til að fá botntrollið bannað alfarið fyrir neðan 800 metra og allir vita hvert framhaldið verður, náí þau markmiðum sínum.

Í framhaldi verður fróðlegt að fylgjast með því hverju stjórnvöld ætla að taka mark á.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Við sendum smábátæigendum og landsmönnum öllum okkar
bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Baader Ísland ehf.
Dalvíkurhöfn
Fiskmarkaður Patreksfjarðar
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.
Fjallabyggð
Gúmmibátapjónusta Norðurlands sf.
Gúmmisteypa Þ. Lárussonar ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Raftíðni ehf.
Reykjaneshafnir
Seyðisfjarðarhöfn
Síldarvinnslan hf.
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjónvélar
Stykkishólmsbær
Hafnarsjóður Þorlákshafnar

Táknafjarðarhreppur
Vestmannaeyjahöfn
Vopnafjarðarhreppur
Þrymur hf. vélsmiðja

Ratsjár

M-1623

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-16 sm. 6" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 38 cm radarhattur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



M-1715

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-24 sm. 7" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 46 cm radarhattur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



M-1835/1935/1345

4-6 kW sendir, drægi 36-64 sm. 10,4" LCD litaskjár. Fylgir endurvörpum mjög vel á lengri og skemmri vegalengdum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA. Tekur við upplýsingum frá AIS tækjum um allt að 100 skip. Fáanlegur annað hvort með 60 cm hatti (4 kW) eða 100/120 cm opnum skanner (6 kW)



FR-8062

6 eða 12 kW x-band sendir. 72 eða 96 mílna ratsjá með 12,1" TFT litaskjá. Sjálfvirk myndstilling og forritanlegir hraðvalstakkar. Sérstaklega hannaður til að greina endurvörp á stuttum skölum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA og 100 skipa AIS tengingu.





Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi.

Hallgrímur Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka á Ísafirði.